



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

FERÐAÞJÓNUSTA Á ÍSLANDI OG COVID-19

Staða og greining fyrirbyggjandi gagna

JÚLÍ 2021

Íris Hrund Halldórsdóttir

Eftirfarandi skýrsla er þáttur í rannsóknarverkefni. Hún er vinnuskjal í verkefni og getur sem slík tekið breytingum á verkefnistímanum.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

© Ferðamálastofa 2021

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is
Titill: Ferðaþjónusta á Íslandi – Staða og greining fyrirbyggjandi gagna
Höfundur: Íris Hrund Halldórsdóttir
Númer: FMS 2021-20
ISBN: 978-9935-522-13-9

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ÚTDRÁTTUR

1. Erfið rekstrarstaða ferðapjónustunnar fyrir COVID-19

Umfang ferðapjónustunnar óx svo um munaði frá árinu 2010. Samhliða stöðugum vexti og gríðarlegri aukningu á fjölda erlendra ferðamanna jókst mikilvægi greinarinnar fyrir íslenskt efnahagslíf. Fjöldi þeirra sem starfaði í greininni margfaldaðist og eins fjölgaði fyrirtækjum mikið. Strax árið 2015 var greinin orðin mikilvægasta útflutningsgrein þjóðarinnar og árið 2016 var hlutur ferðapjónustunnar í vergri landsframleiðslu orðin meiri en í sjávarútvegi og mikilvægi greinarinnar mun meira en þekktist í flestum öðrum OECD löndum. Árið 2016 var metár í fjölgun ferðamanna og samhliða því jókst uppbygging og fjárfesting í greininni og skuldir greinarinnar jukust. Árið 2017 mátti hins vegar sjá blíkur á lofti. Hagnaður greinarinnar dróst töluvert saman frá árinu áður þrátt fyrir aukinn fjölda ferðamanna. Svipaða sögu má segja um virðisauka í ferðapjónustu, en tímabilið 2010-2016 var vöxtur í virðisauka ferðapjónustunnar en á honum hægðist eftir 2016.

Árið 2019 stefndi ferðapjónustan í niðursveiflu og má meðal annars sjá það á því að fjöldi ferðamanna dróst saman í fyrsta skipti í langan tíma. Starfandi einstaklingum í greininni fækkaði og töluverður samdráttur varð í veltu. Skuldsetning greinarinnar hafði nær tvöfaldast á 4 ára tímabili. Athugunarvert er að virðisauki og hagnaður á hvern ferðamann hefur í raun verið að dragast saman á ári hverju allt frá 2010 og til 2017 og 2018. Því er ljóst að ferðapjónustan var rekstrarlega í erfiðri stöðu og því illa í stakk búin að takast á við niðursveiflu í hagkerfinu, hvað þá þann mikla samdrátt í eftirspurn sem varð í kjölfar COVID-19.

2. Gríðarleg áhrif COVID-19 á umsvif og afkomu í ferðapjónustu á árinu 2020

Árið 2020 var 76% samdráttur í komum erlendra ferðamanna hingað til lands. Tæplega hálf milljón erlendra ferðamanna kom til landsins árið 2020 en 70% þeirra komu fyrstu þrjá mánuðina. Fjöldi þeirra sem störfuðu í ferðapjónustu dróst saman um 48% og framboð flugsæta til landsins um 77%. Velta greinarinnar hríðféll og var samdrátturinn um 59%. Hrun var í veltu allra undirgreina ferðapjónustunnar. Mestur var samdrátturinn hjá ferðaskrifstofum og tengdri þjónustu en farþegaflutningar og gististaðir fylgdu á eftir. Minnstur var samdrátturinn hjá fyrirtækjum í veitingarekstri. Gert er ráð fyrir að hagnaður greinarinnar hafi verið neikvæður um 56 milljarða á árinu. Áskoranir ferðapjónustu fyrirtækja og viðbrögð þeirra við samdrættinum voru nokkuð mismunandi eftir greinum. Í öllum greinum sem fjallað var um voru vísbendingar um samdrátt í starfsemi og fækkun starfandi. Í sumum greinum höfðu fyrirtæki tók á því að losa sig við eignir sbr. bílaleigufyrirtæki sem komu hluta af bílaflotanum í sölu. Önnur fyrirtæki beindu sjónum sínum að íslenska markaðnum, ekki síst sumarið 2020. Þetta átti til dæmis við veitingastaði víða á landsbyggðunum en hins vegar virtist hafa verið erfiðara fyrir afþreyingarfyrirtæki að aðlaga vörur sína að íslenska markaðnum.

Ef heimsfaraldur hefði ekki skolið á og fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi verið um eins og spáð var fyrir um, c.a. 2 milljónir er hægt að áætla að tapaður virðisauki í ferðapjónustu vegna COVID-19 hafi verið um 149 milljarðar króna.

3. Opinberar mótvægisáðgerðir nýttust ferðapjónustunni

Mótvægisáðgerðir íslenskra stjórnvalda sneru hvað helst að beinum fjárhagsstuðningi, lánaábyrgðum og frestun skattgreiðslna. Rekstraraðilar í ferðapjónustu jafnt sem starfandi einstaklingar nýttu fjölbreyttar mótvægisáðgerðir stjórnvalda í ríkum mæli árið 2020. Ferðapjónustufyrirtæki fengu úthlutað 65% af þeim stuðningi sem ætlaður var rekstraraðilum (utan sjálfkrafa frestunar á skattgreiðslum) á árinu 2020. Rúm 44% af hlutabótum ársins 2020 fóru til einstaklinga í ferðapjónustu. Hæst var hlutfallið hjá þeim sem störfuðu við veitingapjónustu eða 14,4% og síðan til þeirra sem unnu á gististöðum eða 12,7%. Mestu fjármagni í tengslum við mótvægisáðgerðir til rekstraraðila ferðapjónustunnar árið 2020 var úthlutað til fyrirtækja í gistirekstri eða 19,2%.

4. Mikilvægi innlendra ferðamennsku 2020 mismunandi eftir landshlutum og greinum ferðapjónustunnar

Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 457 þúsund yfir sumarmánuðina, júní til ágúst 2020. Samdráttur í tekjum veitingahúsa var ekki eins mikill og í öðrum greinum ferðapjónustunnar og hluti veitingastaða á landsbyggðunum upplifði sitt besta sumar árið 2020. Þar skipti miklu máli að Íslendingar eru almennt stór hluti þess kúnnahóps sem sækir veitingastaði heim.

5. COVID-19 og ferðapjónustan á heimsvísu

Ferðapjónustan er talin vera sú atvinnugrein sem mun fara hvað verst úr faraldrinum. Þannig nam samdráttur í fjölda komufarþega um 73% á heimsvísu og tekjur af alþjóðlegri ferðamennsku minnkuðu um tæpa 5.000 milljarða Bandaríkjadala (ca. 3,7% af heimsframleiðslunni). Þá er talið að um 61 milljón störf í ferðapjónustu hafi glatast á heimsvísu. Innan Evrópusambandsins drógust gistinætur saman um 52%. Mestur samdráttur innan Evrópusambandsins var í Grikklandi, Kýpur og Möltu og nam hann yfir 70%. Minnstur samdráttur innan Evrópusambandsins var í Hollandi og í Danmörku en þar fækkaði gistinóttum um minna en 35%.

Efnisyfirlit

Útdráttur	1
1 Inngangur	6
2 Íslensk ferðapjónusta fyrir 2020	7
2.1 Vöxtur í ferðapjónustu.....	7
2.2 Harðnar á dalnum.....	12
2.3 Íslendingar á ferð og flugi	18
3 Íslensk ferðapjónusta 2020	20
3.1 Breytingar í eftirspurn og framboði.....	20
3.2 Afleiðingar og viðbrögð við samdrætti	24
3.3 Tengsl sóttvarna og smita við komu erlendra ferðamanna	32
3.4 Hvað ef COVID-19 hefði ekki komið til.....	33
4 Mótvægisáðgerðir hins opinbera	34
5 Alþjóðleg ferðapjónusta og COVID-19	39
5.1 Alheimsfaraldur í ferðapjónustu.....	39
5.2 Staðan í samkeppnislöndum.....	39
5.2.1 Írland	40
5.2.2 Nýja Sjáland.....	41
5.2.3 Noregur	42
6 Heimildaskrá	44
7 Viðaukar	50
Viðauki 1 – Spá um virðisauka og hagnað í ferðapjónustu 2020.....	50
Virðisauki.....	50
Hagnaður.....	51
Viðauki 2 – Samband ferðapjónustu, smita, sóttvarna og mótvægisáðgerða	53
Viðauki 3 – Sóttvarnaáðgerðir.....	58
Viðauki 4 – Aðhvarfsgreiningar	67
Viðauki 5 – Aðhvarfsgreiningar - Ícelandair	74

Listi yfir myndir og töflur

Mynd 1: Hagvöxtur og hlutur ferðapjónustunnar í VLF (%).....	7
Mynd 2: Útflutningur helstu útflutningsgreina eftir ársfjórðungum.....	7
Mynd 3: Erlendir ferðamenn til Íslands og aukning ár frá ári 2003-2019 .	8
Mynd 4: Þróun í fjöldataölum þriggja fjölmennustu þjóðernanna sem sóttu Ísland heim 2010-2019.....	8
Mynd 5: Mánaðarleg erlend kortavelta eftir útgjaldaliðum.	9
Mynd 6: Fjöldi fyrirtækja í ferðapjónustu .	9
Mynd 7: Starfandi einstaklingar í ferðapjónustu eftir mánuðum og hlutfall ferðapjónustu á íslenskum vinnumarkaði 2008-2019 eftir mánuðum.....	10
Mynd 8: Hlutfall erlends vinnuafis í ferðapjónustu.....	11
Mynd 9: Hlutfallsleg breyting í fjölda starfandi eftir völdum atvinnugreinum frá 2008 - 2019 .	11
Mynd 10: VSK velta í ferðapjónustu og velta á erlendan ferðamann á föstu verðlagi ársins 2020.....	12
Mynd 11: Hlutfallsleg breyting á VSK veltu í einkennandi greinum ferðapjónustu á föstu verðlagi ársins 2020.	13
Mynd 12: Hagnaður ferðapjónustunnar per erlendan ferðamann 2010-2019, fast verðlag ársins 2020.....	13
Mynd 13: Alls virðisauki í ferðapjónustu og per erlendan ferðamann 2010-2019, fast verðlag ársins 2020	14
Mynd 14: Virðisauki, nettó og brúttó hagnaður og laun ferðapjónustu, fast verðlag 2020.	14
Mynd 15: Eiginfjárhlutfall valinna undirgreina ferðapjónustunnar í lok árs 2019.	15
Mynd 16. Launakostnaður sem hlutfall af rekstrartekjum hjá völdum atvinnugreinum .	16
Mynd 17: Hlutfall af heildarfjölda fyrirtækja í ferðapjónustu 2017 eftir landshlutum.	17
Mynd 18: Gistinætur Íslendinga innanlands 2008-2019 .	18
Mynd 19: Gistinætur Íslendinga innanlands eftir mánuðum 2017-2019.....	18
Mynd 20: Brottfarir Íslendinga á Keflavíkurflugvelli 2008-2019 .	19
Mynd 21: Brottfarir Íslendinga á Keflavíkurflugvelli 2017-2019 eftir mánuðum.	19
Mynd 22: Fjöldi erlendra farþega í gegnum Keflavíkurflugvöll .	20
Mynd 23: Erlendir farþegar til Íslands árið 2020. Sjö fjölmennustu löndin.	21
Mynd 24: Hlutfall fyrirtækja sem lækkuðu verð sumarið 2020 eftir landshlutum.....	22
Mynd 25: Gistinætur Íslendinga innanlands og hlutfallsleg breyting milli ára .	22
Mynd 26: Fjöldi gistinátta 2018-2020.	23
Mynd 27: Fjöldi flugsæta til Íslands eftir mánuðum 2020.	23
Mynd 28: Fjöldi skipa og skipakoma 2017-2020.	24
Mynd 29. Fjöldi þeirra sem starfa í ferðapjónustu eftir mánuðum .	24
Mynd 30: Fjöldi starfandi við ferðaskrifstofur og tengda starfsemi 2018-2020 eftir mánuðum.	25
Mynd 31: Fjöldi starfandi við gistingu 2018-2020 eftir mánuðum.....	25
Mynd 32: Fjöldi starfandi við veitingarekstur 2018-2020 eftir mánuðum.	25
Mynd 33: Fjöldi starfandi við farþegaflutninga með flugi 2018-2020 eftir mánuðum.	25
Mynd 34: Velta í ferðapjónustu 2019 og 2020, fast verðlag 2020.	26
Mynd 35: Hlutfallsleg breyting í veltu einkennandi greina ferðapjónustunnar, fast verðlag 2020.	26

Mynd 36: Erlend kortavelta ásamt kortaveltu á hvern erlendan ferðamann, fast verðlag 2020	27
Mynd 37: Nettó hagnaður 2019 ásamt spá fyrir 2020, fast verðlag ársins 2020	27
Mynd 38: Skráð rekstrarleyfi hópferðabíla í lok hvers árs	28
Mynd 39: Fjöldi bílaleigubíla í umferð og úr umferð	29
Mynd 40: Fjöldi rekstrarleyfa ökutækja - bílaleigu	29
Mynd 41: Rekstrarleyfi ferðaskrifstofa - útgefin leyfi og niðurfelld	29
Mynd 42: Fjöldi hótela, hótélherbergja og fjöldi rúma á hótélum árið 2020 eftir mánuðum	31
Mynd 43: Fjöldi rúma á hótélum milli ársfjórðunga 2020	31
Mynd 44: Daglegur fjöldi smita og helstu sóttvarnaraðgerðir	32
Mynd 45: Fjöldi smita ásamt vísitölu sóttvarna og mótvægisáðgerða	32
Mynd 46: Yfirlit yfir valdar mótvægisáðgerðir hins opinbera	34
Mynd 47: Útgjöld hins opinbera vegna mótvægisáðgerða miðaðar að rekstraraðilum (utan sjálfvirkra frestana) 2020	35
Mynd 48: Útgjöld hins opinbera eftir mótvægisáðgerðum miðaðar að einstaklingum 2020	35
Mynd 49: Þróun - COVID-19 faraldursins á heimsvísu	39
Tafla 1: Fjöldi ferðamanna til Íslands frá völdum löndum árin 2019 og 2020	21
Tafla 2: Samanburður á virðisauka með og án COVID-19 faraldursins (verðlag 2020)	33
Tafla 3: Stuðningsáðgerðir til rekstraraðila í einkennandi greinum ferðapjónustunnar 2020	35
Tafla 4: Hlutabætur sem farið hafa til starfsfólks í einkennandi greinum ferðapjónustunnar árið 2020	37
Tafla 5: Heildarstuðningur til einkennandi greina ferðapjónustu árið 2020	37
Tafla 6: Hlutur ferðapjónustu á Írlandi í landsframleiðslu og vinnumarkaði 2019 og 2020 og skipting eyðslu eftir innlendum og erlendum ferðamönnum	40
Tafla 7: Hlutur ferðapjónustu á Nýja Sjálandi í landsframleiðslu og vinnumarkaði 2019 og 2020 og skipting eyðslu eftir innlendum og erlendum ferðamönnum	41
Tafla 8: Hlutur ferðapjónustu í landsframleiðslu og vinnumarkaði 2019 og 2020	43

1 INNGANGUR

Seinni hluta árs 2020 fól Ferðamálastofa, Rannsóknamiðstöð ferðamála að gera rannsókn á áhrifum COVID-19 á ferðapjónustuna hér á landi. Er þessi rannsókn hugsuð sem fyrsti áfangi af stærra verkefni sem hefur það að markmiði að meta aðlögunarhæfni og seiglu ferðapjónustunnar hérlendis¹.

Íslenskt efnahagslíf á mikið undir því að ferðapjónustan endurheimti sinn fyrri styrk bæði hratt og vel. Því er mikilvægt að skilja þann vanda sem við greininni blasir. Áföll eins og COVID-19 skapa tímabundna krísu (e. crisis) sem í kjölfarið getur valdið efnahagslegri kreppu til lengri tíma.

Þessu rannsóknarverkefni sem hér um ræðir er skipt í tvo verkþætti. Sá fyrri snýr að því að gefa greinargóða yfirsýn yfir þá atburðarás sem fylgt hefur COVID-19 heimsfaraldrinum allt frá lokum febrúar og út desember 2020. Sömuleiðis er lagt mat á stöðu ferðapjónustunnar við upphaf faraldursins. Þessi verkþáttur byggir fyrst og fremst á greiningu fyrirleggjandi gagna. Í síðari áfanga rannsóknarinnar verður sjónum beint enn frekar að því hvernig fyrirtæki og aðrir hagaðilar greinarinnar hafi upplifað þá krísu sem nú stendur yfir og afleiðingum hennar. Reynt verður að fá góða innsýn í stöðu fyrirtækjanna og áskoranir, hvernig ferðapjónustu aðilar hafi upplifað aðgerðir stjórnvalda og til hvaða aðgerða þeir hafi gripið til rekstri sínum til varnar.

Skipaður var sérstakur stýrihópur um rannsóknarverkefnið en hlutverk hans er að veita faglega leiðsögn við framkvæmd verkefnisins. Í stýrihópnum eru Dr. Ragnar Árnason, HÍ; Dr. Gunnar Þór Jóhannesson, HÍ; Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri ferðamálaeildar Háskólans á Hólum og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF. Verkefnisstjóri og ritstjóri þessarar áfangaskýrslu er Írís H. Halldórsdóttir, sérfræðingur við RMF. Þær Anna Guðrún Ragnarsdóttir, hagfræðingur og Rósbjörg Jónsdóttir frá ráðgjafafyrirtækinu Cognitio komu einnig að greiningu gagna í verkþætti eitt. Anna Guðrún vann hagræna greiningu á áhrifum faraldursins á afkomu og hag ferðapjónustunnar, ásamt tölfræðigreiningu á sambandi komu erlendra ferðamanna við smit, sóttvarnir og mótvægisáðgerðir. Anna Guðrún er höfundur viðauka 1, 2, 4 og 5. Rósbjörg Jónsdóttir tók þátt í almennri greiningu fyrirleggjandi gagna um sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda og áhrif þeirra og mótvægisáðgerða á ferðapjónustuna. Einnig kom Rósbjörg að greiningu á stöðu ferðapjónustunnar í nokkrum af samkeppnislöndum Íslands og til hvaða mótvægisáðgerða hið opinbera hefur gripið til í þeim löndum. Rósbjörg er höfundur viðauka 3.

Áherslan í þessari áfangaskýrslu er að draga saman fyrirleggjandi gögn af ólíkum toga sem saman gefa heildstæða mynd og draga skipulega fram staðreyndir um framvindu mála frá því að COVID-19 faraldurinn braust út í febrúar og til loka árs 2020.

Uppbygging skýrslunnar er á þann veg að í kafla 2 er gefið yfirlit yfir stöðu ferðapjónustunnar fyrir COVID-19 faraldurinn. Í kafla 3 er farið yfir atburðarrásina 2020 og afleiðingar faraldursins á ferðapjónustuna. Þá er í kafla fjögur er farið yfir þær mótvægisáðgerðir stjórnvalda sem ferðapjónustan hefur hvað helst nýtt sér. Að lokum er í kafla 5 gefið yfirlit yfir áhrif faraldursins á ferðapjónustuna á heimsvísu og staðan nánar skoðuð í þremur samkeppnislöndum Íslands.


¹ <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2020/september/adlogunarhaefni-og-seigla-auglysing-2.pdf>

2 ÍSLENSK FERÐAÞJÓNUSTA FYRIR 2020

2.1 Vöxtur í ferðapjónustu


Mikilvægi ferðapjónustunnar fyrir íslenskt þjóðarþú fór jafnt og þétt vaxandi á árunum eftir hrun. Merki um aukið vægi ferðapjónustu á þessum árum má sjá á ýmsum hagstærðum sem tengjast greininni.

Hluttur ferðapjónustunnar í vergri landsframleiðslu (VLF) óx frá 3,5% árið 2009 í 8,1% árin 2016-2018 (mynd 1). Síðustu ár hefur hlutfall ferðapjónustunnar í vergri landsframleiðslu verið hvað hæst á Íslandi m.v. önnur OECD ríki, aðeins Portúgal, Spánn og Mexíkó hafa verið með hærri hlutfall ^{2,3}.



Mynd 1: Hagvöxtur og hluttur ferðapjónustunnar í VLF (%)^{4,5}.

Árið 2015 var ferðapjónustan í fyrsta skiptið orðin umfangsmesta útflutningsgrein íslenska hagkerfisins og tók þar fram úr sjávarútvegi og álframleiðslu eftir stöðugan vöxt (mynd 2).



Mynd 2: Útflutningur helstu útflutningsgreina eftir ársfjórðungum⁶.

² Heimild: OECD (2020). Tourism Trends and Policies 2020. www.oecd.org

³ Heimild: OECD (2018). Tourism Trends and Policies 2018. www.oecd.org


⁴ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021. 26. febrúar). Samantekt á niðurstöðum TSA, 2009-2020

⁵ Heimild: Hagstofa Íslands. (e.d.). Hagvöxtur.

⁶ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 26. maí). Valdir liðir útflutnings vöru og þjónustu.


Hluti af þeim tekjum ferðapjónustunnar skv. gögnum Hagstofunnar á sér stað erlendis þá helst starfsemi íslenskra flugfélaga erlendis. Frekari skýringar á því hvað telst sem tekjur vegna erlendra ferðamanna má sjá við skýringar í þeirri töflu sem vísað er hér í, inn á vef Hagstofunnar.

Allt frá 2003 til 2019 fjölgaði erlendum ferðamönnum sem sóttu Ísland heim (mynd 3). Árið 2008 féll gengi krónunnar svo um munaði sem leiddi til þess að ódýrara var að ferðast til Íslands. Gosið í Eyjafjallajökli 2010 og sú alþjóðlega umfjöllun sem gosinu fylgdi ásamt lágu gengi krónunnar kann að hafa stuðlað að auknum áhuga á Íslandi sem áfangastað. Frá 2011 og til 2018 var vöxtur ferðapjónustunnar mikill; árið 2011 kom rúm hálf milljón erlendra ferðamanna til landsins en árið 2018 var fjöldinn orðinn 2,3 milljónir. Árið 2019 var hins vegar 14% samdráttur í komum erlendra ferðamanna.



Mynd 3: Erlendir ferðamenn til Íslands og aukning ár frá ári 2003-2019⁷.

Bandaríkjamenn, Bretar og Þjóðverjar hafa verið fjölmennustu þjóðerni íslenskrar ferðapjónustu undanfarinn áratug (mynd 4). Samanlagt hafa Bretar, Bandaríkjamenn og Þjóðverjar verið um 36% til 48% þeirra ferðamanna sem sótt hafa Ísland heim frá 2010 til 2019. Töluverður vöxtur hefur verið í komutíðni Bandaríkjamanna frá 2010 og tók kipp árið 2015, frá um 242 þúsund árið 2015 til tæplega 700 þúsund árið 2018 sem gerir tæpa 200% aukningu. Fjöldi bandarískra ferðamanna dróst svo aftur saman um 33% árið 2019. Á sama tíma frá 2015 til 2018 jókst fjöldi Breta um 23% eða frá 241 þúsund árið 2015 í 297 þúsund 2018. Bretar dvelja skemur en Bandaríkjamenn en þeir koma hins vegar utan háannatíma og gegna því mikilvægu hlutverki í að efla heilsárs starfsemi ferðapjónustu. Vöxtur í hópi Þjóðverja var minni.




Mynd 4: Þróun í fjöldataölum þriggja fjölmennustu þjóðernanna sem sóttu Ísland heim 2010-2019⁸.

⁷ Heimild: Ferðamálastofa. (e.d.a.). Heildarfjöldi erlendra ferðamanna.


⁸ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 20.apríl). Farþegar um Keflavíkurlflugvöll eftir ríkisfangi og mánuðum 2002-2021.

Erlend kortavelta fyrir árið 2019 sýnir að erlendir ferðamenn eyddu það ár mest í gistingu (25%), verslanir (16%) og veitingapjónustu (12%) (mynd 5). Ef kortaveltan fyrir 2019 er borin saman við 2012 má sjá að nokkur breyting hefur verið á eyðslumynstri erlendra kortaeigenda á tímabilinu. Erlendir aðilar eyddu t.d. hlutfallslega meira árið 2019 í gistingu, veitingar, bílaleigur en þeir gerðu 2012. Á sama tíma eyddu þeir minna í ýmsa aðra ferðapjónustu svo sem farþegaflutninga og taka ekki eins mikið reiðufé út og þeir gerðu 2012.



Mynd 5: Mánaðarleg erlend kortavelta eftir útgjaldaliðum⁹.

Samhliða auknum fjölda ferðamanna hérlandis jókst einnig fjöldi fyrirtækja í ferðapjónustu. Frá 2008 til 2019 tvöfaldaðist fjöldi fyrirtækja í greininni frá 2148 fyrirtækjum árið 2008 í 4.424 fyrirtæki árið 2019. Að meðaltali bættust því við um 207 ný fyrirtæki í ferðapjónustu á ári hverju á tímabilinu (mynd 6).




Mynd 6: Fjöldi fyrirtækja í ferðapjónustu¹⁰.

⁹ Heimild: Rannsóknasetur Verslunarinnar. (2021, 19.apríl). Mánaðarleg kortavelta erlendra ferðamanna eftir útgjaldaliðum.

Vert er að taka fram að mælikvarðinn tekur aðeins tillit til færsla af erlendum greiðslukortum sem fara til íslenskra fyrirtækja að því gefnu að færslurnar fari í gegnum íslenska færsluhirða

¹⁰ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 5. febrúar). Fjöldi fyrirtækja og rekstrarupplýsingar eftir atvinnugreinum og stærð 2008-2019.

Samhliða metfjölda ferðamanna ár hvert frá 2011 til 2018 og fjölgun fyrirtækja í ferðapjónustu jókst fjöldi starfsfólks í ferðapjónustu og hlutur ferðapjónustunnar af heildarvinnumarkaðnum varð stærri (mynd 7). Einyrkjum og launþegum sem störfuðu í greininni fjölgaði um 16.300 á 11 ára tímabili (frá 2008 til 2019) sem þýðir að um 1.500 manns hafi bæst við greinina á ári hverju að meðaltali. Hafa ber þó í huga að í þessari tölu eru líka þeir sem eru í hlutastarfi. Skýr árstíðasveifla er í fjölda þeirra sem starfa í greininni þar sem fjöldinn er mestur á sumrin. Samkvæmt tölum Hagstofunnar var hlutfall þeirra sem störfuðu í ferðapjónustu tæp 14% af íslenskum vinnumarkaði árið 2019, miðað við 7% árið 2008. Í greiningu OECD hefur komið fram að hlutfall þeirra sem störfuðu í ferðapjónustu hér á landi var hvað hæst af öllum OECD ríkjunum frá 2016, jafnvel herra en í því mikla ferðapjónustulandi Spáni^{11,12}.



Mynd 7: Starfandi einstaklingar í ferðapjónustu eftir mánuðum og hlutfall ferðapjónustu á íslenskum vinnumarkaði 2008-2019 eftir mánuðum¹³.


¹¹ Heimild: OECD (2020). Tourism Trends and Policies 2020. www.oecd.org.

¹² Heimild: OECD (2018). Tourism Trends and Policies 2018. www.oecd.org

¹³ Heimild: Hagstofa Íslands. (2020, 14. apríl). Fjöldi starfandi í atvinnugreinum samkvæmt skráum eftir mánuðum, kyni, aldri og bakgrunni 2008-2021.


Skilgreining Hagstofu Íslands á hverjir starfa í einkennandi greinum ferðapjónustunnar má finna á skýringum við töfluna sem vísað er í. Samkvæmt tölum Hagstofunnar eru þeir sem eru „starfandi“ allir þeir sem eru í staðgreiðsluskrá. Ekki er gerður greinarmunur á milli þeirra sem starfa í fullu starfi eða hlutastarfi. Ef einstaklingur starfar í mismunandi atvinnugreinum t.a.m. í hlutastarfi getur viðkomandi verið talinn tvisvar.

Til þess að manna þau störf sem ferðaþjónustan myndaði var í meira mæli farið að ráða erlent starfsfólk til að þjónusta ferðamenn. Hlutfall erlends vinnuafls jókst mjög innan ferðaþjónustunnar og var hlutfallið komið í tæp 32% árið 2019 (mynd 8). Árið 2019 voru erlendir starfsmenn 10.551 en árið 2008 voru þeir um 2.427 og var þá hlutfallið 15%.



Mynd 8: Hlutfall erlends vinnuafls í ferðaþjónustu¹⁴

Ef skoðaðar eru breytingar á fjölda starfandi einstaklinga innan meginatvinnuvega á tímabilinu 2008 til 2019 má greinilega sjá að fjölgunin er mest í ferðaþjónustu (mynd 9). Frá 2008 hefur fjöldi þeirra sem starfa í ferðaþjónustu aukist um 121% sem er langt umfram það sem gerist í öðrum atvinnugreinum á tímabilinu. Til samanburðar var á sama tímabili 12% meðaltals aukning í fjölda starfandi á vinnumarkaðnum. Þess ber að geta að mikill vöxtur var í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð árin 2017 og 2018 þótt samdráttur sé í fjölda starfandi á tímabilinu öllu.



Mynd 9: Hlutfallsleg breyting í fjölda starfandi eftir völdum atvinnugreinum frá 2008 - 2019¹⁵.


¹⁴ Heimild: Íris Hrund Halldórsdóttir & Magnfríður Júlíusdóttir. (2020).

¹⁵ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 23. mars). Fjöldi starfandi í atvinnugreinum samkvæmt skráum eftir árum, kyni, aldri og bakgrunni 2008-2020.

2.2 Harðnar á dalnum

Árið 2017 fór að hægja á vexti í komu erlendra ferðamanna til landsins og árið 2019 var samdráttur á milli ára og hafði slíkt ekki gerst síðan árið 2010 (sjá mynd 3). Samdrátturinn nam 13% á milli árunna 2018 og 2019, frá 2,3 milljónum erlendra ferðamanna í 2 milljónir. Hækkandi verðlag hefur verið talinn einn orsakavaldur þessa samdráttar en Ísland var þegar árið 2015 á meðal dýrustu landa Evrópu¹⁶ og var orðinn dýrasti áfangastaður Evrópu árið 2017. Ferðamaðurinn greiddi þá nær tvöfalt hærra verð á Íslandi en að meðaltali innan ESB þar sem verðlagið hér á landi var 84% hærra en að meðaltali í ESB ríkjunum¹⁷. Snemma árs 2019 var svo tilkynnt um gjaldþrot flugfélagsins WOW air og dróst framboð flugsæta til Keflavíkurflugvallar saman um 28%. Því var þó mætt að hluta til með auknu framboði Icelandair og annarra erlendra flugfélaga¹⁸.

Velta í ferðapjónustu hafði farið vaxandi á tímabilinu 2016 til 2018 um 14,5 % en dróst saman um 10% árið 2019 (mynd 10). Hlutfallið á milli veltu og fjölda erlendra ferðamanna dróst saman á tímabilinu 2016-2018 um tæp 16%. Árið 2019 varð þó lítilsháttar aukning á veltu per erlendan ferðamann eða 2%. Það ár fækkaði erlendum ferðamönnum um rúm 300 hundruð þúsund.



Mynd 10: VSK velta í ferðapjónustu og velta á erlendan ferðamann á föstu verðlagi ársins 2020^{19,2021}.

Árlegur vöxtur veltu var mismikill eftir einkennandi greinum ferðapjónustunnar (mynd 11). Á tímabilinu 2016 til 2018 var mest hlutfallsleg aukning í veltu í þeirri starfsemi sem fellur undir flokkinn 'annað' en í þeim flokki eru til dæmis fyrirtæki eins og baðstaðir og bílaleigur. Einnig var töluverður vöxtur hjá gististöðum annars vegar og ferðaskrifstofum og tengdri starfsemi hins vegar. Árið 2019 varð töluverður viðsnúningur en það ár varð samdráttur í veltu í öllum greinum ferðapjónustunnar. Mest dróst veltan saman í farþegaflutningum með flugi og tengdri starfsemi en þar var um að ræða 30% samdrátt í veltu. Í öðrum undirgreinum ferðapjónustunnar nam veltusamdrátturinn um 1 til 7%.

¹⁶ Heimild: Íslandsbanki. (2017, mars). Íslensk ferðapjónusta.

¹⁷ Heimild: Íslandsbanki. (2019. maí). Íslensk ferðapjónusta.


¹⁸ Heimild: Ibid.

¹⁹ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 28. apríl). VSK velta í einkennandi atvinnugreinum ferðapjónustu á Íslandi 2016-

Nánari skýringar á hvaða atvinnugreinar falla undir einkennandi greinar ferðapjónustunnar og eru teknar hér með má sjá í skýringum við töflu á vef Hagstofu Íslands.

²⁰ Heimild: Ferðamálastofa. (e.d.b.). Heildarfjöldi erlendra ferðamanna.


²¹ Hér er heildarveltu ferðapjónustunnar deilt með fjölda erlendra ferðamanna. Ekki eru til tölur um fjölda innlendra ferðamanna



Mynd 11: Hlutfallsleg breyting á VSK veltu í einkennandi greinum ferðaþjónustu á föstu verðlagi ársins 2020²².

Í upphafi áratugarins var nettó hagnaður ferðaþjónustunnar í kringum 26 milljarðar króna á föstu verðlagi (mynd 12). Hagnaður jókst upp í um það bil 35 milljarða króna árin 2015 og 2016 og mikill vöxtur var í greininni enda var hröð aukning í fjölda ferðamanna. Árið 2017 tók hagnaður greinarinnar að lækka og var kominn í um 10,4 milljarða og hefur haldist þar undir síðan.

Ef hagnaður per ferðamann er skoðaður má sjá að hann hefur lækkað mikið. Hagnaður á hvern ferðamann lækkaði stórlega frá 2010 til 2019, frá 53 þúsund krónum per ferðamann árið 2010 niður í tæpar 20 þúsund krónur árið 2016 (verðlag 2020). Á árunum 2017 og 2018 lækkaði hagnaður á ferðamann um tæp 80% þrátt fyrir áframhaldandi fjölgun erlendra ferðamanna. Þá fór hagnaður á hvern erlendan ferðamann lægst niður í tæpar þúsund krónur árið 2018 og síðan var aukning aftur á milli árunum 2018 og 2019 (mynd 12)²³.



Mynd 12: Hagnaður ferðaþjónustunnar per erlendan ferðamann 2010-2019, fast verðlag ársins 2020^{24,25}.


²² Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 28. apríl). VSK velta í einkennandi atvinnugreinum ferðaþjónustu á Íslandi 2016-. Almenningsamgöngur, rekstur leigubíreiða og ferjusiglingar eru ekki virðisaukaskattskyld þjónusta og velta í þeirri grein því ekki talin með. Undir annað er þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi, leiga á tómsundavörum og vélknúnum ökutækjum, nuddstofur sólbáðsstofur, gufuböð og þess háttar. Nánari skýringar má sjá á vef Hagstofunnar.

²³ Hér er heildarhagnaði ferðaþjónustunnar deilt með fjölda erlendra ferðamanna. Ekki eru til tölur um fjölda innlendra ferðamanna.

²⁴ Heimild: Tölvupóstur frá Gyðu Þórðardóttur hjá Hagstofunni 29. janúar 2021.


²⁵ Heimild: Ferðamálastofa. (e.d.a). Heildarfjöldi erlendra ferðamanna.

Virðisauki greinarinnar óx hratt frá árinu 2010 en frá 2016 hefur hægt á vextinum (mynd 13). Hins vegar jókst fjöldi ferðamanna mun hraðar en virðisaukinn. Virðisauki á hvern erlendan ferðamann hefur lækkað verulega frá árinu 2010 eða frá því að vera um 243 þús. kr niður í 138 þús kr. per erlendan ferðamann árið 2019 (mynd 13)²⁶.



Mynd 13: Alls virðisauki í ferðaþjónustu og per erlendan ferðamann 2010-2019, fast verðlag ársins 2020²⁷ ²⁸.

Virðisauki (e. value added) er mælikvarði á hreina verðmætasköpun. Virðisauki er það sem starfsemin skilar upp í laun og hagnað. Mynd 14 sýnir þróun vergs virðisauka einkennandi greina ferðaþjónustu á föstu verðlagi ásamt nettó og brúttó rekstrarafgangi og launum. Vöxturinn í virðisauka greinarinnar verður því nánast eingöngu rakinn til hækkunar launagreiðslna í greininni en sjá má að hagnaður hækkaði aðeins lítillega frá 2011 til 2016 og miklu minna en fjölgun ferðamanna. Telja má að launagreiðslur hafi hækkað bæði vegna mikillar fjölgunar starfsmanna en einnig vegna mikillar raunlaunahækkunar á tímabilinu.



Mynd 14. Virðisauki, nettó og brúttó hagnaður og laun ferðaþjónustu, fast verðlag 2020²⁹.

²⁶ Hér er heildarhagnaður ferðaþjónustunnar deilt með fjölda erlendra ferðamanna. Ekki eru til tölur um fjölda innlendra ferðamanna.


²⁷ Heimild: Tölvupóstur frá Gyðu Þórðardóttur hjá Hagstofunni þann 29. janúar 2021.

²⁸ Heimild: Ferðamálastofa. (e.d.a.). Heildarfjöldi erlendra ferðamanna.

²⁹ Heimild: Tölvupóstur frá Gyðu Þórðardóttur hjá Hagstofunni þann 29. janúar 2021.

Ferðþjónustan hefur ráðist í miklar fjárfestingar undanfarin ár^{30 31} og voru til að mynda nettó fjárfestingar greinarinnar árið 2019 um 28 milljarðar króna³². Samhliða aukinni fjárfestingu hafa skuldir greinarinnar aukist. Frá byrjun árs 2016 til ársloka 2019 jukust skuldir greinarinnar um 83%, þ.e. frá 139 ma.kr. í 255 ma.kr og jukust þær innan allra undirgreina hennar³³. Í byrjun árs 2016 var samkvæmt greiningu ráðgjafarsviðs KPMG skuldsetning gistiþjónustu rúmir 50 milljarða króna en í árslok 2019 hafði skuldsetning aukist um 160%, í 130 ma.kr og var skuldsetning þar mesta hækkunin innan ferðþjónustunnar en taka skal fram að inn í þessari greiningu eru ekki flugfélögin³⁴. Mikil aukning hefur verið á framboði í gistingu undanfarin ár³⁵ og hefur fjárfesting í greininni aukist samhliða. Í greiningu ráðgjafarsviðs KPMG kemur fram að skuldsetning flestra greina ferðþjónustu hafi vaxið meira en vöxtur tekna á tímabilinu³⁶. Langstærstur hluti fjárfestinga ferðþjónustunnar flokkast sem vaxtaberandi skuldir og jukust þær um 62% frá 2016 og voru orðnar um 170 milljarðar króna árið 2019. Af þeim 170 milljörðum eru tæplega 118 milljarðar sem hvíldu á 736 fyrirtækjum³⁷.

Rekstrarumhverfi fyrirtækja í einkennandi greinum ferðþjónustunnar er um sumt ólíkt. Þannig kalla sumar greinar á töluverðar fjárfestingar sem geta verið mjög kostnaðarsamar. Eiginfjárhlutfall fyrirtækja getur gefið vísbendingar um hvort fyrirtæki séu skuldsett eða ekki, hærra eiginfjárhlutfall, því minni skuldsetning. Eiginfjárhlutfall ferðþjónustunnar fór vaxandi allt frá 2008 til 2016 en árið 2016 fór eiginfjárhlutfallið að minnka³⁸. Samkvæmt greiningu Ferðamálastofu var eiginfjárhlutfall einkennandi greina ferðþjónustunnar 22% árið 2018 en meðaltal í hagkerfinu öllu var eiginfjárhlutfall 43,4%³⁹. Í lok árs 2019 má sjá að eiginfjárhlutfall einkennandi greina ferðþjónustunnar var áþekkt í helstu greinum en tvær greinar skáru sig aðeins úr (mynd 15). Eiginfjárhlutfall afþreyingarfyrirtækja var hæst sem bendir til lítillar skuldsetningar í þeirri grein. Eignir afþreyingarfyrirtækja eru oft mjög sérhæfðar og felast gjarnan í öðru en fasteignum sem gerir erfiðara fyrir fyrirtækin að sækja sér lánsfé⁴⁰. Eiginfjárhlutfallið var hins vegar lægst hjá bílaleigum eða um 13% sem bendir til þess að skuldsetning í greininni sé töluverð. Allt frá 2011 hefur eiginfjárhlutfall bílaleiga verið einna lægst í samanburði við aðrar einkennandi greinar ferðþjónustunnar^{41, 42}.



Mynd 15: Eiginfjárhlutfall valinna undirgreina ferðþjónustunnar í lok árs 2019⁴³.

³⁰ Heimild: Jóhann Viðar Ívarsson. (2020, janúar). Rekstur og efnahagur í ferðþjónustu. Ferðamálastofa.

³¹ Heimild: Hagsjá. (2018, 13. apríl). Fjárfesting í ferðþjónustu síðustu ár margföld á við meðalár. Landsbanki Íslands.

³² Heimild: Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, 3. desember). Fjárhagsgreining: Staða íslenskrar ferðþjónustu í árslok 2019.

³³ Heimild: Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, apríl). Áhrif COVID-19 á rekstur ferðþjónustufyrirtækja.

³⁴ Heimild: Ibid

³⁵ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 30. apríl). Fjöldi herbergja og rúma á hótélum eftir landsvæðum 2015-.

³⁶ Heimild: Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, apríl)

³⁷ Heimild: Ibid

³⁸ Heimild: Jóhann Viðar Ívarsson. (2020, janúar).

³⁹ Heimild: Ibid

⁴⁰ Heimild: Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, 3. desember).


⁴¹ Heimild: Íslandsbanki. (2019. maí). Íslensk ferðþjónusta.

⁴² Heimild: Jóhann Viðar Ívarsson. (2020, janúar).

⁴³ Heimild: Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, 3. desember).

Hin mikla uppbygging og fjárfesting sem átti sér stað í ferðapjónustu á árunum 2016 til 2019 jók á rekstrarkostnað og vanda fyrirtækjanna⁴⁴ og jukust útlán helstu viðskiptabankana þriggja til ferðapjónustu töluvert frá 2016⁴⁵. Í framhaldinu fjölgaði ferðapjónustufyrirtækjum á vanskilaskrá. Um þriðjungur útlánanna var í erlendri mynt og veiking krónunnar jók á skuldir greinarinnar⁴⁶. Enn fremur var hlutfall launa í kostnaði fyrirtækja talið vera of hátt og gera fyrirtækjum erfitt um vik í alþjóðlegri samkeppni^{47 48 49}.

Árið 2008 var hlutfall launakostnaðar af rekstrartekjum um 18% en á árinu 2019 var hlutfallið komið í 26% og er það hærra en meðaltal alls hagkerfisins (mynd 16). Miðað við Norðurlöndin eru meðallaun hvað hæst á Íslandi og eru þau einnig meðal þeirra hæstu í OECD ríkjum⁵⁰. Benda má á að þrátt fyrir þetta eru laun í ferðapjónustu almennt talin lág og innan ferðapjónustunnar má sjá dæmi um lægstu laun atvinnulífsins hér á landi⁵¹. Í launagreiningu sem gerð var 2016 kom fram að laun innan ferðapjónustunnar eru hæst í flugsamgöngum en lægst í veitingapjónustu⁵². Er það í samræmi við það sem gengur og gerist annarstaðar í heiminum^{53 54}.



Mynd 16. Launakostnaður sem hlutfall af rekstrartekjum hjá völdum atvinnugreinum⁵⁵.

⁴⁴ Heimild: Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, apríl). Áhrif COVID-19 á rekstur ferðapjónustufyrirtækja.

⁴⁵ Heimild: Seðlabankinn. (2019, 9.október). Fjármálastöðugleiki.

⁴⁶ Heimild: Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, apríl).

⁴⁷ Heimild: Gylfi Zoega. (2020, 8. febrúar). Efnahagslíf í hálaunalandi. Kjarninn.

⁴⁸ Heimild: Viðskiptablaðið. (2020, 2.október). Hækkun launa á Íslandi "sláandi".

⁴⁹ Heimild: Egill Páll Egilsson. (2019, 1.mars). Myrkur framundan í ferðapjónustu. Mannlíf.

⁵⁰ Heimild: OECD. (e.d.). Average wages. OECD Data.

⁵¹ Heimild: Íris Hrund Halldórsdóttir & Magnfríður Júlíusdóttir. (2020).


⁵² Heimild: Gunnar A. Ólafsson og fl. (2016, desember). Launagreining í ferðapjónustu. Háskólinn á Bifröst.

⁵³ Heimild: Meis, Scott. (2014). Measuring Employment in the Tourism Industries Beyond the Tourism Satellite Account: A Case Study of Canada

⁵⁴ Heimild: Stacey, J. (2015, 3.desember). Supporting Quality Jobs in Tourism. OECD Tourism Papers.

⁵⁵ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 29. mars). Rekstrar- og efnahagsyfirlit atvinnugreinahápa 2002-2019.

Vísbendingar eru um að rekstrarumhverfi ferðapjónustufyrirtækja séu nokkuð ólíkt eftir landsvæðum^{56,57}. Rekstrartekjur í ferðapjónustu hafa verið langmestar á höfuðborgarsvæðinu, enda stærstur hluti stórra fyrirtækja með aðsetur þar. Um 80% af tekjum ferðapjónustunnar árið 2017 varð til hjá fyrirtækjum sem skráð voru með aðsetur á höfuðborgarsvæðinu og ellefu af þrettán stærstu fyrirtækjum ferðapjónustunnar (miðað við rekstrartekjur ársins 2017) voru þar⁵⁸. Austurland kemur vel út þegar horft er til skuldsetningar og hlutfalls fyrirtækja sem skila hagnaði. Svo virðist þó sem hringvegurinn og umferð ferðamanna um hann tryggi ekki sjálfkrafa gott rekstrarumhverfi þar sem eiginfjárlutfall hefur verið neikvætt á Norðurlandi vestra um nokkurra ára tímabil og hlutfall fyrirtækja þar sem skila neikvæðri rekstrarniðurstöðu er hátt. Miðað við aðra landshluta eru fá ferðapjónustufyrirtæki skráð á Vestfjörðum og Vesturlandi og er hlutur þeirra í rekstrartekjum ferðapjónustunnar lítill. Einnig hefur eiginfjárlutfall verið hvað lægst þar utan Norðurlands vestra. Rekstrartekjur á landsbyggðunum hafa verið hvað hæstar á Suðurnesjum enda er eitt af stærstu fyrirtækjum ferðapjónustunnar þar staðsett. Hlutfall fyrirtækja á Suðurnesjum sem rekin hafa verið með tapi hefur farið minnkandi undanfarin ár og eiginfjárlutfall hefur að sama skapi farið vaxandi. Fjöldi fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og á landsbyggðunum hins vegar er nokkuð jafn en árið 2017 voru 53% fyrirtækja í ferðapjónustu staðsett á höfuðborgarsvæðinu og 47% á landsbyggðunum (mynd 17).



Mynd 17: Hlutfall af heildarfjölda fyrirtækja í ferðapjónustu 2017 eftir landshlutum⁵⁹.

⁵⁶ Heimild: Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, 3. desember). Fjárhagsgreining: Staða íslenskrar ferðapjónustu í árslok 2019.

⁵⁷ Heimild: Íslandsbanki. (2019. maí). Íslensk ferðapjónusta.


⁵⁸ Heimild: Ibid.

⁵⁹ Heimild: Ibid.


2.3 Íslendingar á ferð og flugi

Um 85% Íslendinga ferðast innanlands á hverju ári⁶⁰. Hefur þetta hlutfall farið lækkandi frá 2010 þegar hlutfallið var 90%. Meðalfjöldi gistinátta innanlands á ári eru 14 nætur á mann. Hefur meðalfjöldi gistinátta frá 2009 sveiflast frá 13 í rúmar 15 gistinætur á ári. Árið 2019 var helmingur gistinóttanna á Norðurlandi og Suðurlandi. Umtalsverð aukning hefur verið á heildarkortaveltu innlendra ferðamanna frá 2016⁶¹. Heildarkortavelta innlendra ferðamanna árið 2017 var 63 milljarðar, og fór í 80 milljarða árið 2018 og upp í 85 milljarða 2019 og er það áhugavert í ljósi þess að samdráttur var í gistinóttum Íslendinga á milli árána 2018 og 2019. Sú afþreying sem Íslendingar eyða hvað oftast í á ferðalögum sínum innanlands eru sundlaugarferðir og jarðböð, söfn og sýningar, leikhús og tónleikar.

Fjöldi gistinátta Íslendinga innanlands frá 2008 til 2019 hefur farið úr 800 þúsund gistinóttum á ári í 1.105 þúsund (mynd 18) og eru þær flestar keyptar yfir sumarmánuðina (mynd 19). Þannig voru til að mynda 53% gistinátta Íslendinga innanlands í júní, júlí og ágúst árið 2019.



Mynd 18: Gistinætur Íslendinga innanlands 2008-2019⁶².



Mynd 19: Gistinætur Íslendinga innanlands eftir mánuðum 2017-2019⁶³.

Ferðalög Íslendinga erlendis hafa hins vegar farið vaxandi allt frá hruni til ársins 2018 en árið 2019 varð samdráttur upp á 8,4% (mynd 20) en WOW air varð einmitt gjaldþrota snemma árs 2019. Árstíðasveifla í brottförum Íslendinga til útlanda er ekki mikil þó að flestir fari yfir sumarmánuðina en fæstir ferðast erlendis í janúar og febrúar (mynd 21). Meðalfjöldi gistinátta erlendis hjá Íslendingum var í kringum 17 til 20 nætur á ári á tímabilinu 2013-2019. Útgjöld Íslendinga erlendis jukust jafnt og þétt samhliða aukningu á fjölda ferða en árið 2018 eyddu Íslendingar 199 milljörðum erlendis⁶⁴ og námu meðalútgjöld á ferð um 297 þúsund krónum.


⁶⁰ Heimild: Ferðamálastofa. (2020, mars). Ferðalög Íslendinga 2019 og ferðaáform þeirra 2020.

⁶¹ Heimild: Mælaborð ferðapjónustunnar. (2021, 1. janúar). Kortavelta erlendra og innlendra ferðamanna.


⁶² Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 25. maí). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum skráðra gististaða 1998-2021.

⁶³ Heimild: Ibid.

⁶⁴ Heimild: Samtök Ferðapjónustunnar. (2019, 17. apríl). Ferðalög – Lýsandi Hagvísar.



Mynd 20: Brottfarir Íslendinga á Keflavíkurlugvelli 2008-2019⁶⁵.



Mynd 21: Brottfarir Íslendinga á Keflavíkurlugvelli 2017-2019 eftir mánuðum⁶⁶.


⁶⁵ Heimild: Ferðamálastofa. (e.d.). Brottfarir Íslendinga um Keflavíkurlugvöll 2004-2021.

⁶⁶ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 25. maí). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum skráðra gististaða 1998-2021.

3 ÍSLENSK FERÐAÞJÓNUSTA 2020

3.1 Breytingar í eftirspurn og framboði

Eins og fram kom í kaflanum hér á undan þá stóð ferðapjónustan á Íslandi frammi fyrir ýmsum áskorunum árið 2019 og spár um komur erlendra ferðamanna til landsins árið 2020 voru nokkuð varfærnar. Þannig gerði ISAVIA ráð fyrir 1,4% samdrætti í fjölda komufarþega árið 2020⁶⁷ en Íslandsbanki gerði ráð fyrir að árið 2020 myndi erlendum ferðamönnum fjölga um 3% frá árinu 2019⁶⁸. Fréttir af heimsfaraldrinum fóru að breiðast út seint í janúar 2020 og fyrsta COVID-19 sýkingin hérlendis greindist 28. febrúar. Fyrstu tveir mánuðir ársins 2020 voru í samræmi við fyrra ár og einfaldar tímaráðspár gáfu til kynna rúmlega 10% fækkun í fjölda á árinu í heild. Það átti heldur eftir að breytast þegar 76% samdráttur í komu erlendra ríkisborgara raungerðist (mynd 22). Heildarfjöldi erlendra komufarþega um Keflavíkurflugvöll árið 2020 var 478.510, en voru rétt tæpar 2 milljónir árið áður. Fyrstu þrjú mánuði ársins komu 70% þeirra ferðamanna sem komu allt árið 2020.



Mynd 22: Fjöldi erlendra farþega í gegnum Keflavíkurflugvöll⁶⁹.

Þrátt fyrir að landamærin væru opin fyrir erlendra ríkisborgara til loka apríl (sjá yfirlit yfir sóttvarnaáðgerðir í viðauka 3) tók erlendum farþegum að fækka um leið og fréttir um smit fóru að breiðast út um heiminn í febrúar og ferðatakmarkanir voru settar á helstu markaðssvæðum Íslands. Frá 24. apríl varð öllum sem komu til landsins, ferðamönnum jafnt sem heimamönnum, gert að fara í 14 daga sóttkví. Í apríl og maí 2020 voru komur erlendra ferðamanna til Íslands aðeins tæplega 1% af því sem verið hafði í apríl og maí árið 2019. Um miðjan júní breyttust reglur á landamærunum þegar boðið var upp á annaðhvort 14 daga sóttkví eða að gera skimunarpróf við landamærin og enga sóttkví. Einnig var dregið úr almennum sóttvarnarráðstöfunum innanlands. Skimunarprófið var fyrst um sinn gjaldfrjálst en í byrjun júlí var farið að innheimta gjald fyrir skimun (9000 kr. ef greitt var fyrirfram annars 11000 kr.). Nokkur aukning var í komum erlendra ferðamanna um sumarmánuðina. Þannig jókst fjöldinn frá 5000 í júní í 45000 í júlí og upp í 63000 í ágúst (sjá mynd 22). Þrátt fyrir þetta var fjöldi erlendra ferðamanna yfir sumarmánuðina einungis um 20-25% af því sem hann hafði verið árið 2019.

BRETAR TIL ÍSLANDS 2020

Fyrstu COVID-19 tilfellin í Bretlandi voru skráð í byrjun febrúar 2020. Um miðjan mars voru breskir þegar varaðir við ferðalögum erlendis og dró úr komum Breta til Íslands. Í apríl, maí og júní voru nánast engar komur breskra ferðamanna til landsins skráðar.

Í júní fækkaði smitum í Bretlandi og samkomutakmarkanir voru rýmkaðar. Í lok júní gáfu bresk yfirvöld út yfirlýsingu þess efnis að frá og með 6. júlí þyrftu breskir ríkisborgarar sem ferðuðust til tiltekinna landa ekki að fara í sóttkví við endurkomu. Gefinn var út listi með þeim löndum sem óhætt var að ferðast til og var Ísland þar á meðal. Fjölgaði því komum breskra ferðamanna í júlí og ágúst.

Smitum í Bretlandi tók að fjölga aftur í ágúst sem og annarstaðar í Evrópu. Þann 24. september var Ísland sett á rauðan lista í Bretlandi og allir ferðamenn sem komu frá Íslandi til Bretlands þurftu að fara í sóttkví í 14 daga.

⁶⁷ Heimild: ISAVIA.(2019, 23. desember). Farþegaspá fyrir árið 2020


⁶⁸ Heimild: Greining Íslandsbanka. (2020, janúar). Þjóðhagsspá 2020-2022.

⁶⁹ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 20.apríl). Farþegar um Keflavíkurflugvöll eftir ríkisfangi og mánuðum 2002-2021.

Þann 19. ágúst 2020 voru skimunaraðgerðir við landamærin hertar vegna aukins fjölda COVID-19 smita á Íslandi (sjá yfirlit yfir sóttvarnaaðgerðir í viðauka 3). Farþegar til Íslands þurftu annaðhvort að fara í 14 daga sóttkví eða tvær sýnatökur með 5 daga sóttkví. Þetta leiddi til afbókana og mikillar fækkunar ferðamanna. Erlendir farþegar um Keflavíkflugvöll fóru úr 63000 í ágúst 2020 í um þrjú þúsund í nóvember (mynd 23). Sóttvarnaaðgerðir og skimunaraðgerðir við landamærin héldust stífar út árið en þrátt fyrir ýmsar 'tilslakanir' á landamærunum, t.a.m. var tíminn í sóttkví stytur, sýnataka gjaldfrjáls ofl., hélst fjöldi ferðamanna í algjöru lágmarki út veturinn með þrjú til fjögur þúsund erlendra ríkisborgara til Íslands á mánuði. Desember var undantekning en þá komu um 8000 ferðamenn til landsins.

Árið 2020 var mestur samdráttur í komum bandarískra ferðamanna hingað til lands eða 89% fækkun (tafla 1). Nánast allir þeir bandarísku ferðamenn sem komu til Íslands 2020 komu á fyrstu þremur mánuðum ársins eða 95%. Samdráttur í komum Breta hingað til lands var 61% yfir allt árið og komu langflestir á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þýskir og danskir ferðamenn voru mest áberandi hér á landi sumarið 2020.

Tæplega 16000 Danir komu til Íslands í júní til ágúst og 21000 Þjóðverjar. Alls var samdrátturinn í komum Dana fyrir árið 2020 um 53% og um 67% í komum Þjóðverja (tafla 1).



Mynd 23: Erlendir farþegar til Íslands árið 2020. Sjó fjölmennustu löndin⁷⁰.

Á vormánuðum 2020 var ljóst að Íslendingar hugðust verja sumarfrii sínum á ferðalögum innanlands⁷². Stjórnvöld kynntu undir þennan áhuga með markvissri hvatningu til Íslendinga um að ferðast innalands yfir sumarmánuðina og kynna sér íslenska ferðapjónustu. Í því skyni var öllum Íslendingum gefin ferðaávisun upp á krónur 5000 sem hægt var að nota í íslenskum ferðapjónustufyrirtækjum⁷³. Þrátt fyrir smæð innanlandsmarkaðarins litu mörg ferðapjónustufyrirtæki á hann sem tækifæri og aðlöguðu viðskiptamódel sitt og markaðsferni að innlendum ferðamönnum⁷⁴. Samkvæmt niðurstöðum könnunar Gallup buðu mörg fyrirtæki þjónustu sína og lækkuðu verð

BANDARÍSKIR FERÐAMENN TIL ÍSLANDS 2020

Þann 20. mars 2020 innleiddu íslensk stjórnvöld ferðatakmarkanir sem lagðar voru til af Evrópusambandinu þar sem löndum í ESB ásamt EFTA og Bretlandi var gert að loka landamærum sínum fyrir ríkisborgurum utan Schengen til að hefta útbreiðslu COVID-19. Þar af leiðandi gátu m.a. Bandaríkjamenn ekki ferðast til landsins nema brýna nauðsyn bæri til. Þrátt fyrir að landamæri Íslands hafi síðar opnast fyrir 'græn' lönd utan Schengen voru Bandaríkin aldrei þar á meðal þar sem fjöldi smita og útbreiðsla var það mikil. Í mars mánuði 2021 var tilkynnt að bólusetting einstaklingar utan Schengen mættu koma til Íslands og í kjölfarið jukust í fyrirspurnir frá ferðaþyrstum Ameríkönnum um að fá að ferðast til landsins.

Tafla 1: Fjöldi ferðamanna til Íslands frá völdum löndum árin 2019 og 2020⁷¹

	2019	2020	% breyting
Bandaríkin	464.059	52.464	-89%
Bretland	261.805	101.814	-61%
Þýskaland	132.155	43.681	-67%
Kína	99.253	23.893	-76%
Frakkland	97.507	27.898	-71%
Pólland	93.726	35.701	-62%
Danmörk	49.280	23.271	-53%

⁷⁰ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 20.apríl). Farþegar um Keflavíkflugvöll eftir ríkisfangi og mánuðum 2002-2021.


⁷¹ Heimild: Ibid.

⁷² Heimild: Ferðamálastofa. (2020, 27.mars). Tæp 90% Íslendinga hyggja á ferðalög innanlands á næstu mánuðum.

⁷³ Heimild: Þorsteinn Friðrik Halldórsson. (2020, 21. mars). Allir lögráða íbúar landsins frá gjafabréf frá stjórnvöldum. Fréttablaðið.


⁷⁴ Heimild: Gallup. (2020, nóvember). Sumarið 2020 og horfurnar framundan: Könnun meðal ferðapjónustufyrirtækja.

allt að 40%, ekki síst fyrirtæki sem buðu upp á gistingu. Hlutfall ferðapjónustufyrirtækja sem lækkuðu verð var hæst á Suðurlandi og Austurlandi (mynd 24).



Mynd 24: Hlutfall fyrirtækja sem lækkuðu verð sumarið 2020 eftir landshlutum⁷⁵.

Undirtektir Íslendinga við þessum tilboðum voru góðar og fjölgaði gistinóttum Íslendinga yfir sumarmánuðina, júní til ágúst 2020 um 79% sem nemur aukningu um rétt tæpar 457 þúsund gistinætur. Í júlímánuði var fjölgun um 112% miðað við sama mánuð árið áður (mynd 25). Um haustið fór svo gistinóttum Íslendinga að fækka og var samdráttur í fjölda þeirra í október og út árið. Yfir allt árið var samdráttur um 35% í gistinóttum Íslendinga.



Mynd 25: Gistinætur Íslendinga innanlands og hlutfallsleg breyting milli ára⁷⁶.

Þar sem meginhluti íslensku þjóðarinnar er búsettur á höfuðborgarsvæðinu nutu ferðapjónustufyrirtæki á landsbyggðunum einkum góðs af heimsóknum innlendra ferðamanna yfir sumarmánuðina. Sum lítil fyrirtæki á landsbyggðunum, til dæmis veitingastaðir, upplifðu mjög gott sumar með jafnvel fleiri viðskiptavinum en sumarið áður⁷⁷. Samkvæmt könnun Gallup, upplifðu um 25% þeirra veitingastaða á landsbyggðunum sem tóku þátt í könnuninni, sumarið 2020 sem betra en sumarið 2019 á móti 8% veitingastaða á höfuðborgarsvæðinu⁷⁸.


⁷⁵ Heimild: Gallup. (2020, nóvember).

⁷⁶ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 30. júní). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum skráðra gististaða 1998-2021

⁷⁷ Heimild: Gallup. (2020, nóvember).


⁷⁸ Heimild: Ibid.

Árið 2020 var samdráttur í gistinóttum erlendra ferðamanna 75%, eða frá 7,3 milljónum gistinátta í 1,8 milljón (Mynd 26). Í heild fækkaði gistinóttum úr 8,4 milljónum árið 2019 í 3,2 milljónir 2020 sem nemur 61% samdrætti í fjölda gistinótta.



Mynd 26: Fjöldi gistinátta 2018-2020⁷⁹.

Fjöldi flugsæta til landsins dróst strax saman í mars 2020 um tæp 30% frá fyrra mánuði (mynd 27). Alls fækkaði flugsætum um tæp 77% á milli árána 2019-2020 eða úr 8,6 milljónum flugsæta 2019 í um 2 milljónir 2020. Um helmingur flugsætanna árið 2020 var hjá Icelandair, Wizz air og Easy Jet voru hvor með sín rúmlega 200.000 flugsæti og restin skiptist á milli 17 flugfélaga⁸⁰.



Mynd 27: Fjöldi flugsæta til Íslands eftir mánuðum 2020⁸¹.


Gríðarleg fækkun var í komum skemmtiferðaskipa til landsins árið 2020 en um var að ræða samdrátt upp á 95% frá árinu 2019 (mynd 28). Fyrsta farþegaskipið kom í mars en svo sáust ekki fleiri skemmtiferðaskip fyrir en í júlí⁸². Allt árið komu 4 skemmtiferðaskip til landsins og voru komurnar skráðar 42 með alls 2.300 farþegum. Árið 2019 voru farþegarnir í allt rúm hálf milljón, komurnar alls 864 og skipin 84.

⁷⁹ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 30. júní). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum skráðra gististaða 1998-2021.

⁸⁰ Heimild: Tölvupóstur frá Grétari Má Garðarssyni hjá Isavia 16. febrúar 2021.


⁸¹ Heimild: Tölvupóstur frá Grétari Má Garðarssyni hjá Isavia 16. febrúar 2021.

⁸² Heimild: Sólveig Klara Ragnarsdóttir. (2020, 11.júlí). Fáir farþegar í fyrsta skemmtiferðaskipi sumarsins. RÚV.

Mynd 28: Fjöldi skipa og skipakoma 2017-2020⁸³.

3.2 Afleiðingar og viðbrögð við samdrætti

Eins og fjallað var um í kaflanum um íslenska ferðþjónustu fyrir 2020, fækkaði starfsfólki í ferðþjónustu árið 2019 og sú fækkun hélt áfram í ársbyrjun 2020. Í janúar til mars 2020 fækkaði starfsfólki um rúm 2 þúsund. Í apríl mánuði 2020 fór svo starfsfólki í ferðþjónustu að fækka verulega. Fjölgun átti sér stað yfir sumarmánuðina maí til júlí en tók svo að fækka aftur í ágúst. Frá desember 2019 til desember 2020 fækkaði þeim sem störfuðu í ferðþjónustu um 48%, eða frá rúmlega 27 þúsund í desember 2019 til tæp 14 þúsund í desember 2020 (mynd 29).

Mynd 29. Fjöldi þeirra sem starfa í ferðþjónustu eftir mánuðum⁸⁴.


Hér að neðan má sjá fjölda starfandi eftir völdum undirgreinum ferðþjónustunnar frá 2018 til 2020. Hjá ferðaskrifstofum og tengdri starfsemi var fækkunin nokkuð mikil en hún nam 64% frá desember 2019 til desember 2020 eða um 1760 starfandi (mynd 30). Hjá gististöðum fækkaði starfandi einstaklingum um 3928 manns eða tæp 63% á sama tímabili (mynd 31). Af þeim undirgreinum sem tiltekna eru hér var hlutfallslega minnsta fækkun hjá veitingahúsum eða 33% sem nemur 3240 manns á milli desembermánaðar 2019 og 2020 (mynd 32). Fækkun þeirra sem störfuðu í flugi nam tæpum 48% frá desember 2019 til desember 2020 eða um tæp 2 þúsund manns á árinu (mynd 33). Hjá gisti- og veitingastöðum var lang mesta fækkunin í apríl mánuði (mynd 31 og 32) en hjá þeim

⁸³ Heimild: Mælaborð Ferðþjónustunnar. (2020, 1. september). Komur skemmtiferðaskipa á Íslandi.


⁸⁴ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 18. júní). Fjöldi starfandi í atvinnugreinum samkvæmt skráum eftir mánuðum, kyni, aldri og bakgrunni 2008-2021.

Skilgreining Hagstofu Íslands á hverjir starfa í einkennandi greinum ferðþjónustunnar má finna á skýringum við töfluna sem vísað er í. Samkvæmt tölum Hagstofunnar eru þeir sem eru „starfandi“ allir þeir sem eru í staðgreiðsluskrá. Ekki er gerður greinarmunur á milli þeirra sem starfa í fullu starfi eða hlutastarfi. Ef einstaklingur starfar í mismunandi atvinnugreinum t.a.m. í hlutastarfi getur viðkomandi verið talinn tvisvar.


sem störfuðu í flugi var mesta fækkunin í septembermánuði (mynd 33). Hjá ferðaskrifstofum var mesta fækkunin annarsvegar í apríl og hins vegar í september (mynd 30).




Mynd 30: Fjöldi starfandi við ferðaskrifstofur og tengda starfsemi 2018-2020 eftir mánuðum.



Mynd 31: Fjöldi starfandi við gistingu 2018-2020 eftir mánuðum.




Mynd 32: Fjöldi starfandi við veitingarekstur 2018-2020 eftir mánuðum.




Mynd 33: Fjöldi starfandi við farþegaflutninga með flugi 2018-2020 eftir mánuðum.

Ekki kemur á óvart að heildarvelta ferðaþjónustunnar hríðféll árið 2020 (mynd 34). Samdrátturinn nam 59%, en heildarveltan árið 2019 var 654 milljarða kr. á föstu verðlagi og 2020 var hún 266 milljarða kr.



Mynd 34: Velta í ferðaþjónustu 2019 og 2020, fast verðlag 2020⁸⁵.

Mynd 35 sýnir hlutfallslega breytingu í virðisaukaskattsveltu eftir undirgreinum ferðaþjónustunnar árið 2020. Hrun var í veltu í öllum einkennandi greinum ferðaþjónustunnar og ljóst að þær eru allar viðkvæmar fyrir breytingum í fjölda ferðamanna. Mestur var samdrátturinn hjá ferðaskrifstofum og tengdri þjónustu en farþegaflutningar og gististaðir fylgdu þar fast á eftir. Minnstur var samdrátturinn hjá fyrirtækjum í veitingarekstri en þó yfir 30%.




Mynd 35: Hlutfallsleg breyting í veltu einkennandi greina ferðaþjónustunnar, fast verðlag 2020⁸⁶.

Eðli málsins samkvæmt varð mikill samdráttur í erlendra kortaveltu árið 2020 (mynd 36). Nam samdráttur í erlendra kortaveltu árið 2020 um 72%, fór úr 237 millj.kr. árið 2019 í 66,8 milljarða kr. 2020. Hins vegar jókst erlend kortavelta á hvern ferðamann árið 2020 og var hún um 137 þúsund krónur sem er töluverð hækkun frá árinu 2017 þegar hún var tæpar 106 þúsund krónur.


⁸⁵ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 28. apríl). VSK velta í einkennandi atvinnugreinum ferðaþjónustu á Íslandi 2016-. Á vef Hagstofunnar má sjá nánari lýsingu á því hvaða greinar falla hér undir.

⁸⁶ Heimild: Ibid.



Mynd 36: Erlend kortavelta ásamt kortaveltu á hvern erlendan ferðamann, fast verðlag 2020^{87,88}

Áður hefur komið fram að hagnaður ferðapjónustunnar hefur farið lækandi undanfarin ár og var nettó hagnaður komin undir 10 milljarða árið 2017 og haldist þar undir síðan. Til þess að meta áhrif faraldursins á hagnað greinarinnar fyrir árið 2020 var unnið spálíkan (sjá viðauka 1) þar sem gerð var tilraun til að meta hagnað greinarinnar fyrir árið. Niðurstöður þeirra spár gerir ráð fyrir að nettó hagnaður ferðapjónustunnar hafi dregist mjög saman og verið neikvæður um rúma 56 milljarða króna (sjá mynd 37).



Mynd 37: Nettó hagnaður 2019 ásamt spá fyrir 2020, fast verðlag ársins 2020 í milljörðum kr.⁸⁹


⁸⁷ Heimild: Ferðamálastofa. (e.d.b.). Heildarfjöldi erlendra ferðamanna.

⁸⁸ Heimild: Rannsóknasetur Verslunarinnar (2021, 14. maí). Mánaðarleg kortavelta erlendra ferðamanna eftir útgjaldaliðum.

Vert er að taka fram að mælikvarðinn tekur aðeins tillit til færsla af erlendum greiðslukortum sem fara til íslenskra fyrirtæki að því gefnu að færslurnar fari í gegnum íslenska færsluhirða.

⁸⁹ Heimild: Tölvupóstur frá Gyðu Þórðardóttur hjá Hagstofunni þann 29. janúar 2021.

Möguleikar hinna ólíku greina ferðapjónustunnar til þess að bregðast við þessum mikla samdrætti í fjölda erlendra ferðamanna eru nokkuð mismunandi. Hópfærðafyrirtækin hafa verið í erfiðri stöðu og með töluverðar skuldir. Þetta eru fyrirtæki þar sem eignirnar eru bundnar í rútum. Erfitt hefur verið að koma þeim í verð þar sem innanlandsmarkaður fyrir rútur er lítill og flutningskostnaður við að koma þeim í verð erlendis einfaldlega of mikill til að það borgi sig⁹⁰. Fyrirtækin hafa getað tekið rúturnar tímabundið af skrá til að komast hjá útgjöldum s.s. ábyrgðatryggingum og bifreiðagjöldum. Sum rútufyrirtækin hafa getað náð sér í einhverjar tekjur með verkefnum í tengslum við almenningsamgöngur (skólaakstur, ferðapjónusta fatlaðra og fl.). Möguleikinn á að aðlaga framboð fyrirtækjanna til að höfða til innlendra ferðamanna er fyrir hendi og mátti sjá dæmi um nýsköpun í þessum geira⁹¹. Í lok árs 2020 hafði fyrirtækjum með rekstrarleyfi hópfærðabíla fækkað um 54 (mynd 38).



Mynd 38: Skráð rekstrarleyfi hópfærðabíla í lok hvers árs⁹².

Bílaleigur eru sá þjónustubáttur sem hefur vaxið verulega á undanförunum árum og eftirspurn erlendra ferðamanna eftir hvers konar bílum til að ferðast um landið á eigin vegum hefur aukist verulega. Bílaleigur voru mjög skuldsett fyrirtæki í upphafi faraldurs og eignir þeirra aðallega bundnar í bílunum⁹³. Til að bregðast við ástandinu lögðu margar bílaleigur inn númer af bíleigubílum tímabundið til að minnka rekstrarkostnað (mynd 39). Þannig voru 4053 bílaleigubílar skráðir úr umferð í apríl 2020 miðað við 2619 í marsmánuði. Í maí mánuði tvöfaldaðist sú tala þegar tæplega átta þúsund bílar voru skráðir úr umferð.

Ólíkt hópfærðafyrirtækjunum hafa bílaleigurnar getað komið bílunum í verð og hægt og bítandi fór því bílaleigubílum (úr og í umferð) fækkandi (mynd 39). Í janúar 2020 voru skráðir um 23 þúsund bílaleigubílar og fór sú tala niður í 18 þúsund í desember 2020. Margar stærri bílaleigurnar sneru sér einnig í auknum mæli að heimamarkaði og buðu upp á langtímaleigu til einstaklinga og fyrirtækja⁹⁴. Einnig hafa bílaleigur hætt starfsemi og skilað inn rekstrarleyfum en árið 2020 fækkaði bílaleigum um 20% (mynd 40). Þess ber þó að geta að skráðum bílaleigum hefur farið stöðugt fækkandi undanfarin 3 ár.



⁹⁰ Heimild: Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, apríl). Áhrif COVID-19 á rekstur ferðapjónustufyrirtækja.

⁹¹ Heimild: SBA-Norðurleið. (2020, 31. ágúst). Dagsferðum sumarið 2020 lokið.

⁹² Heimild: Tölvupóstur frá Guðrúnu Huld Birgisdóttur hjá Samgöngustofu þann 22. febrúar 2021.

⁹³ Heimild: Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, 3. desember). Fjárhagsgreining: Staða íslenskrar ferðapjónustu í árslok 2019.


⁹⁴ Heimild: Þóroddur Bjarnason. (2021, 21. janúar). Leigum og bílum fækkað mikið. Mbl.is.

Mynd 39: Fjöldi bílaleigubíla í umferð og úr umferð ⁹⁵.Mynd 40: Fjöldi rekstrarleyfa ökutækja - bílaleigu ⁹⁶.

Í upphafi faraldursins lentu margar ferðskrifstofur í vandræðum með að endurgreiða viðskiptavinum þær ferðir sem ekki voru farnar. Flestar ferðir sem ferðaskrifstofur selja þurfa viðskiptavinir að fyrirframgreiða og á sama hátt þurfa ferðaskrifstofur að fyrirframgreiða sínum birgjum t.a.m. fyrir flugsæti, hótélherbergi, rútuferðir og fl. Í upphafi heimsfaraldursins gátu birgjarnir í mörgum tilfellum ekki endurgreitt og þar af leiðandi lentu ferðaskrifstofurnar í töluverðum erfiðleikum með að endurgreiða sínum viðskiptavinum⁹⁷. Íslensk stjórnvöld brugðust við þessu með því að setja tímabundið á fót ferðaábyrgðasjóð sem ferðaskrifstofur gátu sótt um lán til að endurgreiða viðskiptavinum sínum fyrir pakkaferðir sem ekki var farið í vegna COVID-19⁹⁸. Með aukinni lántöku eykst fjárhagsleg skuldbinding þessara fyrirtækja sem getur mögulega haft áhrif til lengri tíma.

Eignir ferðaskrifstofa eru mikið til bundnar í ferðatryggingum og ábyrgðatryggingum sem þær þurfa að vera með og það hefur áhrif á getu þeirra til að losa um og auka lausafjármagn til að bregðast við ástandinu^{99,100}. Möguleikar ferðaskrifstofa til að aðlaga viðskiptamódel sitt að breyttu ástandi eru því mjög takmarkaðir, eðli þeirra samkvæmt.

Tölur um fjölda ferðaskrifstofa eru ekki aðgengilegar en ef skoðaðar eru tölur um fjölda útgefna leyfa og fjölda leyfa sem voru niðurfelld má sjá að samdráttur var um 43% í útgefnum leyfum árið 2020 og aukning um 65% í niðurfelldum leyfum (mynd 41).

Mynd 41: Rekstrarleyfi ferðaskrifstofa - útgefin leyfi og niðurfelld ¹⁰¹.

⁹⁵ Úr umferð er þegar bílnúmer ökutækis er í innlögn.

⁹⁶ Heimild: Tölvupóstur frá Guðrúnu Huld Birgisdóttur hjá Samgöngustofu þann 22. febrúar 2021.

⁹⁷ Heimild: Ferðamálastofa (2020, 23. apríl). Umsögn Ferðamálastofu um frv. Til br. á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr.95/2018 (Endurgreiðslur).

⁹⁸ Lög nr. 78 9. júlí 2020

⁹⁹ Heimild: Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, apríl). Áhrif COVID-19 á rekstur ferðapjónustufyrirtækja.

¹⁰⁰ Heimild: Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, 3. desember). Fjárhagsgreining: Staða íslenskrar ferðapjónustu í árslok 2019.

¹⁰¹ Heimild: Ferðamálastofa, samkvæmt tölvupósti frá Elin Svava Ingvarsdóttir hjá Ferðamálastofu í mars 2021.

Starfsemi margra afþreyingarfyrirtækja er að mestu leyti einskorðuð við sumartímann og hafa því mörg þeirra reynt af því að loka tímabundið yfir hluta ársins¹⁰². Þær tekjur sem koma yfir sumarið eru nýttar til að þreya veturinn í lágmarksrekstri þar sem greiða þarf fastan kostnað af sérhæfðum eignum. Erfitt getur verið fyrir fyrirtækin að auka rekstrarfé þar sem eignirnar eru mjög sérhæfðar (t.a.m. ísgöng, sýningar, sérhæfðir trukkan, hestar, hvalaskoðunarbatar) sem er að mörgu leyti erfitt að koma í verð. Vöruframboð þessara fyrirtækja hefur verið sérhæft fyrir erlenda ferðamenn og Íslendingar hafa í takmörkuðum mæli verið að nýta sér þá afþreyingu sem hefur verið í boði og hafa takmarkaða vitneskju um framboð fyrirtækjanna. Mörg fyrirtæki í afþreyingu aðlöguðu vöruframboð sitt að einhverju leiti til að höfða til íslenskra ferðamanna sumarið 2020¹⁰³. Þrátt fyrir aukna ferðamennsku innanlands var lítil aukning á aðsókn í afþreyingu sumarið 2020¹⁰⁴.

Fastur kostnaður veitingahúsa er oft ekki mikill og felst hann að mestu í launakostnaði og leigugreiðslum. Veitingastaðir hafa því að einhverju leyti töluverðan sveigjanleika til að aðlaga rekstur eftir aðstæðum. Hvort sem það er að stytta opnunartíma, breyta vöru- eða þjónustufframboði, segja upp fólki, loka eða annað. Sóttvarnaraðgerðir gerðu rekstur veitingahúsa árið 2020 flókinn og erfiðan að mörgu leyti og yfirleitt ekki hægt að fullnýta staðina þrátt fyrir töluverða aðsókn. Talsverður kurr hefur verið í veitingamönnum allt tímabilið vegna þeirrar stöðu sem veitingarekstur hefur verið settur í vegna sóttvarnaraðgerða og hafa þeir kallað eftir frekari stuðningi yfirvalda¹⁰⁵. Stór hluti viðskiptavina veitingahúsa eru Íslendingar, þannig að margir veitingastaðir hafa getað haldið úti starfsemi fyrir þennan hóp. Yfir sumarmánuðina 2020 áttu margir veitingastaðir fyrir utan höfuðborgarsvæðið mun betra sumar en búist var við. Í einhverjum tilfellum áttu eigendur veitingahúsa betra sumar 2020 en 2019¹⁰⁶.

Mikil fjárfesting hefur verið í gistigeiranum síðustu ár og skuldsetning fyrirtækja í gistipjónustu því aukist¹⁰⁷. Helsti kostnaðarliður þeirra, fyrir utan launakostnað, eru greiðslur vegna gistirýmisins, hvort sem það eru leigugreiðslur eða greiðslur af lánnum. Til þess að draga úr föstum kostnaði hafa því rekstraraðilar í gistipjónustu leitast við endursemja við lánveitendur eða leigusala og segja upp starfsfólki¹⁰⁸.

Nokkrum fjölda hótela og annarskonar gistirýma hefur verið lokað til lengri og skemmri tíma¹⁰⁹. Stórar keðjur lokuðu til dæmis flestum hótélum sínum tímabundið en héldu úti lágmarksstarfsemi¹¹⁰. Fjöldi hótela dróst saman um 42% á árinu 2020 og heildarsamdráttur í fjölda rúma og herbergja á hótélum var 41% (mynd 42).

¹⁰² Heimild: Ráðgjafarsvið KPMG (2020, apríl). Áhrif COVID-19 á rekstur ferðapjónustufyrirtækja.

¹⁰³ Heimild: Gallup. (2020, nóvember). Sumarið 2020 og horfurnar framundan: Könnun meðal ferðapjónustufyrirtækja.

¹⁰⁴ Heimild: Gallup. (2021, mars). Ferðalög Íslendinga 2020 og ferðaáform þeirra 2021.

¹⁰⁵ Heimild: Helgi Vífill Júlíusson. (2020, 26. ágúst). Ferðamenn héldu uppi mörgum veitingastöðum á landsbyggðinni. Fréttablaðið.


¹⁰⁶ Heimild: Gallup. (2020, nóvember).

¹⁰⁷ Heimild: Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, apríl).

¹⁰⁸ Heimild: Þóroddur Bjarnason. (2021, 17. mars). 400 milljóna króna leigugreiðslur felldar niður. Morgunblaðið.


¹⁰⁹ Heimild: Hagstofa Íslands. (2020, 30. júní). Gistinóttum fækkaði um 89% í maí og 47 hótél voru lokað.

¹¹⁰ Heimild: Baldur Arnarson. (2020, 19. mars). Íslandshótel loka nokkrum hótélum. Mbl.is.



Mynd 42: Fjöldi hótela, hótélherbergja og fjöldi rúma á hótélum árið 2020 eftir mánuðum¹¹¹.

Samdráttur var í framboði rúma í öllum landshlutum í flestum ársfjórðungum ársins 2020, nema yfir háannatíma á þriðja ársfjórðungi (mynd 43). Hlutfallslega yfir árið var samdrátturinn mestur á Vestfjörðum en frá janúar til desember 2020 var samdrátturinn þar um 58%. Í janúar voru þar skráð 129 rúm en í desember voru þau einungis 54. Höfuðborgarsvæðið var þar á eftir með 51% samdrátt, frá 11.195 rúmum í janúar í 5527 í lok árs.




Mynd 43: Fjöldi rúma á hótélum milli ársfjórðunga 2020¹¹².

¹¹¹ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 30. apríl). Fjöldi herbergja og rúma á hótélum eftir landsvæðum 2015-.

¹¹² Ibid


3.3 Tengsl sóttvarna og smita við komu erlendra ferðamanna

Ferðamennska á árinu 2020 einkenndist mjög af neikvæðum áhrifum COVID-19 faraldursins hér á landi sem annarstaðar. Þessi áhrif fóru að segja til sín þegar í febrúar 2020 og urðu verulega mikil í mars og apríl á sama tíma og smit og sóttvarnaaðgerðir stórkjóst (mynd 44). Á Íslandi átti sér stað hliðstæð þróun og annarstaðar í heiminum að því undanskildu að tíðni smita og dauðsfalla hefur verið lægri hérlendis en víða erlendis. Á nokkrum tímabilum, t.d. í maí til ágúst 2020, og aftur í febrúar mars 2021 voru smit mjög fá.



Mynd 44: Daglegur fjöldi smita og helstu sóttvarnaaðgerðir¹¹³.

Á mynd 45 má sjá fjölda daglegra smita á Íslandi ásamt vísitölu sóttvarnaaðgerða og mótvægisáðgerða sem hópur vísindamanna í Oxford háskóla í Bretlandi tók saman¹¹⁴. Sjá má að vísitala sóttvarnaaðgerða hækkar úr núlli strax undir lok janúar þegar óvissustigi er lýst yfir innanlands og Íslendingum ráðlagt frá því að fara í ferðalög til Kína. Hún hækkar svo á ný þegar fyrsta bylgjan er gengin í garð og sóttvarnir voru auknar til muna. Hún lækkar lítillega eftir það áður en hún hækkar aftur í þriðju bylgjunni. Vísitala mótvægisáðgerða rís hratt upp í mars þegar fyrsti aðgerðapakki stjórnvalda var tilkynntur og hefur haldist ofarlega síðan.



Mynd 45: Fjöldi smita ásamt vísitölu sóttvarna og mótvægisáðgerða^{115,116}.

¹¹³ Mynd: Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2020, 13. Janúar, bls.10). Sóttvarnir og efnahagsbati: Lokaskýrsla starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra. Reykjavík; Stjórnarráð Íslands.

¹¹⁴ Heimild: Hale, T., Webster, S., Petherick, A., Phillips, T. og Beatriz K. (2020) Oxford COVID-19 Government Response Tracker, Blavatnik School of Government.

¹¹⁵ Heimild: Hale, T., Webster, S., Petherick, A., Phillips, T. og Beatriz K. (2020) Oxford COVID-19 : Government Response Tracker, Blavatnik School of Government.

¹¹⁶ Heimild: COVID.is. (e.d.). Tölulegar upplýsingar vegna COVID-19: Fjöldi smita innanlands.

Þessi þróun hafði tvíþættar afleiðingar fyrir ferðapjónustu. Annars vegar minnkaði áhugi fólks á ferðalögum af ótta við smit og ferðatruflanir vegna þeirra. Hins vegar innleiddu margar þjóðir hins vestræna heims þeirra á meðal Ísland verulegar takmarkanir á opnunartíma og opunarfyrikomulagi þjónustufyrirtækja, hópamyndunum og ferðalögum yfir landamæri í því skyni að freista þess að draga úr smiti. Ætla má að þessar sóttvarnaaðgerðir hafi dregið enn frekar úr ferðaáhuga fólks og komið jafnframt að einhverju leyti í veg fyrir að þau gætu átt sér stað þótt áhuginn væri til staðar.

Við vinnu þessarar skýrslu var gerð tölfræðileg greining á sambandi smita hérlendis og komum ferðamanna til landsins til að meta hvort smit hér innanlands hefðu áhrif á komur ferðamanna hingað til lands. Í ljós kom að ekki var hægt að sjá augljóst samband milli þessara þátta (sjá viðauka 2). Hins vegar mátti sjá samhengi á milli koma ferðamanna og sóttvarna innalands. Það bendir því til að það hafi frekar verið sóttvarnaaðgerðirnar hér innanlands en staða Íslands í faraldrinum sem dró úr fjölda erlendra ferðamanna. Taka skal fram að í þessari greiningu var ekki tekið mið af stöðu mála í heimalöndum ferðamanna.

3.4 Hvað ef COVID-19 hefði ekki komið til

Ein leið til að meta/skoða áhrif Covid-19 heimsfaraldursins á ferðapjónustu er að skoða virðisauka í ferðapjónustu og meta hver hann hefði verið ef faraldurinn hefði ekki komið til. Áætlað er að ef heimsfaraldur hefði ekki skolið á hefði fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi verið um 2 milljónir og virðisauki í ferðapjónustu þá verið í kringum 277 milljarðar króna. Út frá því má áætla að tapaður virðisauki í ferðapjónustu vegna COVID-19 hafi verið um 149 milljarðar króna (tafla 2). Í viðauka 1 má sjá nánari útlistun á þeim spálíkönnum sem notuð voru til að spá um virðisaukann 2020.

Tafla 2: Samanburður á virðisauka með og án COVID-19 faraldursins (verðlag 2020)

	2020 - án Covid	2020-Covid
VLF	3.070.706	2.820.098
Áætlaður virðisauki í ferðapjónustu	276.364	128.376
Hlutfall af VLF	9%	4,6%

Einnig má skoða hvernig hlutfall ferðapjónustu í vergri landsframleiðslu hefði þróast. Í lok árs 2019 var áætlaður hagvöxtur ársins 2020 um 1,7%¹¹⁷. Að því gefnu hefði VLF verið um 3.071 milljarðar króna árið 2020. Það má líta á þetta sem áætlaða landsframleiðslu ef COVID-19 hefði ekki komið upp. Miðað við spálíkan okkar um virðisauka í ferðapjónustu hefði hann þá verið um 9% af vergri landsframleiðslu, sem er álíka mikið og hún var árið 2019. Hagstofan gaf út bráðabirgðaniðurstöður þjóðhagsreikninga, þann 26. febrúar 2021, sem bendir til þess að samdráttur árið 2020 hafi verið 6,6%¹¹⁸. Þetta jafngildir vergri landsframleiðslu í kringum 2.820 milljörðum króna og því hafi virðisauki í ferðapjónustu samkvæmt spálíkani okkar verið í kringum 4,6% af VLF árið 2020. Þessar niðurstöður benda til að 2/3 af samdrætti VLF á árinu 2020, þ.e. 4,4% af 6,6% megi rekja beint til samdráttar í ferðapjónustu.

¹¹⁷ Heimild: Hagtíðindi. (2019, 1. nóvember). Þjóðhagsspá að vetri 2019.

¹¹⁸ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 26. febrúar). Landsframleiðsla dróst saman um 6,6% á síðasta ári.

4 MÓTVÆGISAÐGERÐIR HINS OPINBERA

COVID-19 heimsfaraldurinn og aðgerðir og viðbrögð við honum hafa haft gríðarleg áhrif á íslenskt efnahagslíf, ekki síst ferðapjónustuna. Íslensk stjórnvöld hafa gripið til ýmissa mótvægisáðgerða sem hafa miðað að því að styðja við fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Aðgerðum stjórnvalda var ætlað að fletja út bæði faraldurs- og efnahagskúrfuna¹¹⁹. Fyrstu aðgerðirnar voru kynntar strax 21. mars 2020. Síðan þá hafa margar aðgerðir verið kynntar til sögunnar og viðbætur og breytingar gerðar á gildandi aðgerðum. Á mynd 46 má sjá yfirlit yfir helstu mótvægisáðgerðir sem fyrirtæki og einstaklingar í ferðapjónustu hafa nýtt sér (tæmandi lista um mótvægisáðgerðir er að finna á vef Stjórnarráðs Íslands¹²⁰).

Hlutabótaleið

- Úrræði ætlað einstaklingum og sjálfstætt starfandi. Réttur einstaklinga til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Var auglýst með fyrsta aðgerðapakkanum í mars 2020. Komst strax til framkvæmda.

Stuðningslán

- Úrræði ætlað minni rekstraraðilum sem hafa orðið fyrir tímabundnu tekjufalli vegna kórónuveirufaraldursins. Í úrræðinu felst ábyrgð ríkisins á hluta af lánum sem lánastofnanir veita fyrirtækjum að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Kynnt með öðrum aðgerðapakka 21. apríl 2020 og hefur tekið nokkrum breytingum.

Viðbótarlán / Brúarlán

- Úrræðið ætlað stærri fyrirtækjum sem hafa orðið fyrir verulegri röskun á starfsemi sinni vegna kórónuveirufaraldursins. Í úrræðinu felst ábyrgð ríkisins á hluta af lánum sem lánastofnanir veita fyrirtækjum að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Brúarlán auglýst með fyrsta aðgerðapakkanum í mars 2020.

Frestun skattgreiðslna

- Úrræði sem ætlað var atvinnurekendum sem stóðu frammi fyrir verulegum rekstrarörðugleikum á árinu 2020 vegna skyndilegs og ófyrirséðs tekjufalls sem leiddi af almennum samdrætti innanlands og á heimsvísu. Launagreiðendur gátu frestað skilum á staðgreiðslu skatts og tryggingargjaldi. Lögín hafa tekið nokkrum breytingum. Var auglýst með fyrsta aðgerðapakkanum 21. mars 2020.

Laun á uppsagnarfresti

- Úrræði í formi styrks sem ætlað er atvinnurekendum sem þurftu að segja upp starfsfólki vegna verulegrar tekjuskerðingar vegna faraldursins. Var auglýst með þriðja aðgerðapakkanum í lok apríl 2020.

Lokunarstyrkur

- Úrræðið ætlað minni rekstraraðilum. Skilyrði fyrir veitingu stuðnings í formi lokunarstyrkja er að rekstraraðila hafi verið gert að loka samkomustað eða láta af starfsemi vegna reglna um sóttvarnir. Var auglýst með öðrum aðgerðapakka í apríl 2020 og framhaldið.

Laun í sóttkví

- Ætlað einstaklinum. Greiðslur til einstaklinga sem hafa þurft að vera í sóttkví og ekki getað sinnt sinni vinnu. Atvinnurekendur gátu gert kröfu á ríkissjóð til endurgreiðslu launa fyrir einstaklinga sem voru í sóttkví. Gilti einnig fyrir sjálfstætt starfandi. Var kynnt 21. mars 2020 sem hluti af fyrsta aðgerðapakka.

Ferðagjöf

- 5000 króna gjafabréf til Íslendinga til að verja í ferðapjónustu innanlands. Auglýst með fyrsta aðgerðapakkanum 21. mars 2020. Gjafabréfið gildi til 31. maí 2021. Endurtekið fyrir sumarið 2021.

Markaðsátak

- Alþjóðlegt markaðsátak í þágu íslenskrar ferðapjónustu. Auglýst með fyrsta aðgerðapakkanum í mars 2020.

Tekjufallsstyrkir

- Rekstraraðilar sem orðið hafa fyrir verulegu tekjufalli frá vормánuðum 2020 til nóvember 2020. Úrræði fyrir þá sem hafa þurft að sæta takmörkunum vegna sóttvarnarráðstafana án þess að hafa þurft að loka. Var kynnt til sögunnar í lok október 2020 og opnað var fyrir umsóknir janúar 2021.

Viðspyrnustyrkir

- Rekstraraðilar sem orðið hafa fyrir töluverðu tekjufalli frá 1. nóvember 2020 til 31. maí 2021, m.v. sama tímabil 2019 geta fengið styrk frá hinu opinbera. Úrræðið hefur tekið breytingum og verið framlengt. Kynnt í lok október 2020. Framhald af tekjufallsstyrkjnum.

Gistináttaskattur

- Gistináttaskattur afnuminn 2020 og 2021. Kynnt með fyrsta aðgerðapakka 21. mars 2020.

Mynd 46: Yfirlit yfir valdar mótvægisáðgerðir hins opinbera^{121,122,123,124}

¹¹⁹ Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2020, 6. nóvember). Úrræði vegna faraldurs: Nýting heimila og fyrirtækja.

¹²⁰ <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>

¹²¹ Heimild: Stjórnarráð Íslands. (e.d.). COVID-19: Aðgerðir og ráðstafanir.


¹²² Heimild: Stjórnarráð Íslands. (2020, 21. mars). Viðspyrna fyrir Ísland – efnahagsáðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19. Stjornarradid.is

¹²³ Heimild: Stjórnarráð Íslands. (2020, 21. apríl). Varnir, vernd og viðspyrna gegn efnahagslegum og félagslegum áföllum. Stjornarradid.is


¹²⁴ Heimild: Stjórnarráð Íslands. (2020, 28. apríl). Framhald hlutastarfaleiðar og aukinn stuðningur við fyrirtækin. Stjornarradid.is

Heildarfjárútlát hins opinbera vegna mótvægisáðgerða fyrir einstaklinga og rekstraraðila frá mars til desember 2020 voru um 70 milljarðar króna. Beinn fjárhagsstuðningur var 38,4 milljarðar, lánaábyrgðir 11,7 og frestun skattgreiðslna 19 milljarðar¹²⁵.

Meirihluti mótvægisáðgerðanna, eða um 60 milljarðar, voru þess eðlis að sækja þurfti um stuðning en 10 milljarðar fóru í sjálfkrafa frestanir á skattgreiðslum (lög 17/2020). Áðgerðunum má skipta í áðgerðir ætlaðar rekstraraðilum og áðgerðir ætlaðar einstaklingum¹²⁶ (mynd 47 og mynd 48).



Mynd 47: Útgjöld hins opinbera vegna mótvægisáðgerða miðaðar að rekstraraðilum (utan sjálfvirkra frestana) 2020¹²⁷.



Mynd 48: Útgjöld hins opinbera eftir mótvægisáðgerðum miðaðar að einstaklingum 2020¹²⁸.

Alls fóru um 35 milljarðar króna í áðgerðir sem ætlaðar voru rekstraraðilum (fyrir utan sjálfkrafa frestun skattgreiðslna sem voru 9,6 milljarðar). Í árslok 2020 höfðu samtals 3106 aðilar fengið úthlutun og 83% þeirra voru fyrirtæki með 10 starfsmenn eða færri en 48% upphæðarinnar fór til fyrirtækja með fleiri en 50 starfsmenn.

Rekstraraðilar sem teljast til einkennandi greina ferðaþjónustu höfðu í desember 2020 hlotið um 65% eða 22,7 milljarða króna af þeim stuðningi sem ætlaður var rekstraraðilum (utan sjálfkrafa frestunar). Ef hins vegar er litið til heildarstuðnings til rekstraraðila (sem með telur með sjálfkrafa skattfrestanir (lög 17/2020)) nam stuðningur til rekstraraðila í einkennandi greinum ferðaþjónustunnar um 23,9 milljörðum króna eða 53% af heildarfjármagninu í þessum málaflokki. Þar af voru fyrirtæki í gístirekstri með hæsta hlutfall af heildarstuðningi hins opinbera eða 19% (tafla 3).

Tafla 3: Stuðningsáðgerðir til rekstraraðila í einkennandi greinum ferðaþjónustunnar 2020^{129, 130, 131}

	Heildarfjárhæð	Hlutfall	Hlutf. af virðisauka	Hlutf. af veltu
Farþegaflutningar á landi og sjó	1.759.564.855	3,9%	9,0%	6,4%
Farþegaflutningar með flugi	6.191.866.640	13,8%	6,9%	2,2%
Ferðaskrifst., ferðaskipul., bókunarþj.	3.154.473.608	7,0%	8,5%	3,4%
Leiga á bifreiðum og léttum vélkn. ökut.	1.051.144.707	2,3%	5,4%	2,1%
Rekstur gístistaða	8.587.353.619	19,2%	16,2%	8,6%
Veitingasala- og þjónusta	3.184.735.682	7,1%	7,5%	3,4%
Samtals	23.930.369.310	53%	9,2%	3,7%

¹²⁵ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 18. janúar). Tilraunatölfræði - Efnahagsáðgerðir vegna kórónuveirufaraldursins.

Hér er átt bæði við sjálfkrafa frestun skattgreiðslna samkvæmt lögum 17/2020 og þeirra frestunnar sem sækja þurfti um samkvæmt lögum 25/2020, í tilraunatölfræði Hagstofunnar á efnahagsáðgerðum vegna Kórónaveirufaraldursins eru þessar frestanir teknar í sitt hvoru lagi. Við ofangreinda útreikninga er miðað við gögn frá Hagstofu Íslands. Í þeim gögnum eru upplýsingar um útgjöld hins opinbera fyrir allt árið 2020, nema gögnin um frestun skattgreiðslna, lokunarstyrki, og laun í sóttkví sem ná aðeins út nóvember 2020.

¹²⁶ Heimild: Ibid

¹²⁷ Heimild: Ibid

¹²⁸ Heimild: Ibid

¹²⁹ Heimild: Ibid

¹³⁰ Heimild: Tölvupóstur frá Gyðu Þórðardóttur hjá Hagstofunni þann 29. janúar 2021.

¹³¹ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 28. janúar). VSK velta í einkennandi atvinnugreinum ferðaþjónustu á Íslandi 2016-

Ef litið er á einstaka aðgerðir má sjá að árið 2020 fengu flestir rekstraraðilar úthlutað úr flokknum frestun skattgreiðslna (utan þeirra sem ekki þurfti að sækja um) og lokunarstyrki. Fyrirtæki úr flestum atvinnugreinum hér á landi sóttu um og fengu frestun skattgreiðslna í einhverjum mæli. Alls höfðu 1516 aðilar fengið frestun árið 2020 en ekki liggur fyrir hve stór hluti voru fyrirtæki í ferðapjónustu. Hins vegar er vitað að samtals höfðu 283 fyrirtæki í gisti- og veitingageiranum fengið frestun¹³².

Lokunarstyrkir voru fyrir þá rekstraraðila sem gert var að loka tímabundið vegna sóttvarnarráðstafana. Í lok árs 2020 hafði 1,8 milljarður verið greiddur í lokunarstyrki og höfðu 1.154 rekstraraðilar fengið úthlutun¹³³. Upphaflega voru lokunarstyrkirnir að hámarki 2,4 milljónir fyrir hvern umsækjanda en úrræðið tók töluverðum breytingum og í lok árs 2020 var hámarkið komið í 120 milljónir króna (Lög 119/2020).

Árið 2020 höfðu tæplega 400 rekstraraðilar fengið úthlutað vegna greiðsla launa á uppsagnarfresti og námu útgjöld vegna þess um 11,7 milljörðum króna. Ekki liggur fyrir hve stór hluti hafi farið í allt til ferðapjónustunnar en um 160 fyrirtæki í veitinga- og gistiþjónustu höfðu fengið úthlutað. Nam það samtals 40% af heildarfjölda þeirra fyrirtækja sem höfðu fengið úthlutun og var þetta lang fjölmennasti hópurinn og hafði hann fengið úthlutað samtals 30% þess fjármagns sem eyrnamerkt var þessum málaflokki¹³⁴.

Í árslok 2020 hafði tæpum 12 milljörðum verið úthlutað í stuðnings- og viðbótarlán (brúarlán). Rúmlega 900 aðilar höfðu fengið úthlutað 9 milljörðum í stuðningslán en innan við tíu aðilum hafði verið úthlutað viðbótarlánum¹³⁵. Þrátt fyrir að viðbótarlánin hafi verið auglýst með fyrsta aðgerðapakka stjórnvalda í mars 2020 og samningur gerður við helstu lánastofnanir í apríl 2020^{136,137} var fyrsta viðbótarláninu ekki úthlutað fyrr en í ágúst 2020¹³⁸. Samtals voru greiddir út um 2,7 milljarðar í þessa aðgerð árið 2020 og fóru 95% fjárhæðarinnar til fyrirtækja í gististaða- og veitingarekstri¹³⁹.

Stuðningslánin voru miðuð að litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Af þeim 911 fyrirtækjum sem höfðu fengið stuðningslán 2020 voru 372 fyrirtæki innan gisti- og veitingageirans eða 40% þeirra fyrirtækja sem höfðu fengið úthlutun. Samtals fengu fyrirtæki í gisti- og veitingarekstri 44% þess fjármagns sem greitt var út í stuðningslán 2020.

Stór hluti mótvægisáðgerðanna árið 2020 voru greiðslur til launþega og einyrkja sem hafa orðið höfðu fyrir atvinnumissi. Slíkar áðgerðir halda uppi kaupmætti einstaklinga og draga þannig úr afleiddum áhrifum samdráttar í ferðapjónustu og öðrum grunnatvinnuvegum. Þessi útlát koma til viðbótar hinum venjulegu atvinnuleysis- og tryggingarbótum. Stuðningsáðgerðir ætlaðar einstaklingum skiptast í hlutabætur og laun í sóttkví og alls nam stuðningur hins opinbera tæplega 25 milljörðum króna 2020, þar af voru aðeins 357 milljónir króna sem fóru í laun í sóttkví. Yfir 37 þúsund manns fengu hlutabætur á tímabilinu frá mars til desember 2020¹⁴⁰. Í upphafi faraldursins var þetta sú mótvægisáðgerð sem helst var notuð af öllum þeim sem í boði voru¹⁴¹.

Í töflu 4 má sjá hvernig hlutabætur skiptast eftir einkennandi greinum ferðapjónustu. Mest hefur verið úthlutað til einstaklinga sem störfuðu í veitingasölu- og þjónustu og hjá fyrirtækjum í gistirekstri eða rúmlega 3 milljörðum í hvorn flokk sem dreifðist á um 4.000 einstaklinga í hvorri grein.

¹³² Heimild: Hagstofa Íslands. (2020, 18. janúar). Tilraunatölfræði - Efnahagsáðgerðir vegna kórónuveirufaraldursins.

Við ofangreinda útreikninga er miðað við gögn frá Hagstofu Íslands. Í þeim gögnum eru upplýsingar um útgjöld hins opinbera fyrir allt árið 2020, nema gögnin um frestun skattgreiðslna, lokunarstyrki, og laun í sóttkví, ná aðeins út nóvember 2020.

¹³³ Heimild: Ibid.

¹³⁴ Heimild: Ibid.

¹³⁵ Heimild: Ibid

¹³⁶ Heimild: Stjórnarráð Íslands. (2020, 21. mars). Viðspyrna fyrir Ísland – efnahagsáðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19

¹³⁷ Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2020, 17. apríl). Samningur um framkvæmd á veitingu ábyrgða gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja.

¹³⁸ Heimild: Valgerður Árnadóttir. (2020, 12. ágúst). Icelandair Hotels tekur fyrsta brúarlánið. Ruv.is

¹³⁹ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 18. janúar). Tilraunatölfræði - Efnahagsáðgerðir vegna kórónuveirufaraldursins

¹⁴⁰ Heimild: Ibid.

¹⁴¹ Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2020, 6.nóvember). Úrræði vegna faraldurs: Nýting heimila og fyrirtækja.

Tafla 4: Hlutabætur sem farið hafa til starfsfólks í einkennandi greinum ferðapjónustunnar árið 2020^{142, 143, 144}

	Krónur	Hlutfall	Hlutf. af virðisauka	Hlutf. af veltu	Fjöldi	Hlutfall
Farþegaflutningar á landi og sjó	776.499.656	3,2%	4,0%	2,8%	927	2,5%
Farþegaflutningar með flugi	1.277.456.316	5,2%	1,4%	0,4%	2.830	7,6%
Ferðaskrifst., ferðaskipul., bókunarþj.	1.539.528.054	6,3%	4,2%	1,7%	1.574	4,3%
Leiga á bifreiðum og léttum vélkn. ökut.	611.552.167	2,5%	3,2%	1,2%	733	2,0%
Rekstur gististaða	3.102.144.179	12,7%	5,8%	3,1%	3.768	10,2%
Veitingasala- og þjónusta	3.518.130.826	14,4%	8,3%	3,8%	4.010	10,8%
Samtals	10.825.311.198	44,3%	4,1%	1,7%	13.842	37,4%

Hlutabótaleiðin kom til móts við rekstraraðila og launþega, í stað þess að þurfa að segja upp starfsfólki var hægt að halda lengur ráðningarsambandi við starfsfólk. Voru það smærri fyrirtæki með minna en 100 milljónir í ársveltu án virðisaukaskatts og fyrirtæki starfandi í ferðapjónustu sem töldu þessa aðgerð nýtast sér best¹⁴⁵. Var þetta sú aðgerð sem flestir innan ferðapjónustunnar nýttu sér árið 2020^{146,147,148}. Hlutabótaaðgerðin var auglýst í lok mars 2020 og kom strax til framkvæmda.

Í töflu 5 má sjá heildarstuðning við einkennandi greinar ferðapjónustu (bæði rekstraraðila og einstaklinga í einkennandi greinum ferðapjónustunnar) árið 2020. Mest var úthlutað til fyrirtækja í gistirekstri (16,9%) og síðan til fyrirtækja í flugi (10,8%). Ferðaskrifstofur og tengd þjónusta fengu úthlutað 6,8% en eins og komið hefur fram áður í kaflanum um íslenska ferðapjónustu 2020 var það sú grein sem varð fyrir mestum samdrætti í veltu árið 2020.

Tafla 5: Heildarstuðningur til einkennandi greina ferðapjónustu árið 2020^{149,150, 151}

	Heildarfjárhæð	Hlutfall	Hlutf. af virðisauka	Hlutfall af veltu
Farþegaflutningar á landi og sjó	2.536.064.511	3,7%	13,0%	9,2%
Farþegaflutningar með flugi	7.469.322.956	10,8%	8,3%	2,6%
Ferðaskrifst., ferðaskipul., bókunarþj.	4.694.001.662	6,8%	12,7%	5,1%
Leiga á bifreiðum og léttum vélkn. ökut.	1.662.696.874	2,4%	8,6%	3,3%
Rekstur gististaða	11.689.497.798	16,9%	22,0%	11,8%
Veitingasala- og þjónusta	6.702.866.508	9,7%	15,8%	7,2%
Samtals	34.755.680.508	50,2%	13,3%	5,3%

Ofangreind umfjöllun felur ekki í sér ferðagjöfina svokölluðu. Upphaflega var gildistími ferðagjafarinnar 31. desember 2020 en hann var svo framlengdur til 31. maí 2021 (lög 40/2021)^{152,153}. Þann 31. maí 2021 höfðu 206 þúsund manns nýtt ferðagjöfina að einhverju leiti og farið höfðu samtals 1012 milljónir króna í þá aðgerð¹⁵⁴. Stór hluti þeirrar upphæðar var nýttur innan höfuðborgarsvæðisins (37%). Mest var ferðagjöfin nýtt í veitingageiranum

¹⁴² Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 18. janúar).. Tilraunatölfræði - Efnahagsaðgerðir vegna kórónuveirufaraldursins

¹⁴³ Heimild: Tölvupóstur frá Gyðu Þórðardóttur hjá Hagstofunni þann 29. janúar 2021.

¹⁴⁴ Heimild: Hagstofa Íslands.(2021, 28.janúar). VSK velta í einkennandi atvinnugreinum ferðapjónustu á Íslandi 2016-

¹⁴⁵ Heimild: Stjórnarráð Íslands. (2020, nóvember).

¹⁴⁶ Heimild: Markaðsstofa Suðurlands. (2020, október). Könnun Markaðsstofu Suðurlands vegna áhrifa Covid-19.

¹⁴⁷ Heimild: Markaðsstofa Norðurlands. (2020, ágúst). Könnun 25. Ágúst – 5. September: Önnur könnun Markaðsstofu Norðurlands vegna Covid-19 á Norðurlandi.

¹⁴⁸ Heimild: Gallup. (2020, nóvember). Sumarið 2020 og horfurnar framundan: Könnun meðal ferðapjónustufyrirtækja.

¹⁴⁹ Heimild: Hagstofa Íslands. (2021, 18. janúar).

¹⁵⁰ Heimild: Virðisauki. Tölvupóstur frá Gyðu Þórðardóttur hjá Hagstofunni þann 29. janúar 2021.

¹⁵¹ Heimild: Hagstofa Íslands.(2021, 28.janúar).

¹⁵² Heimild: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2020, 19.júní). Ferðagjöfin afhent Íslendingum. Stjornarradid.is

¹⁵³ Heimild: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.(2021, 30. apríl). Ný Ferðagjöf stjórnsvalda. Stjornarradid.is

¹⁵⁴ Heimild: Mælaborð Ferðapjónustunnar. (2021, 9. júní). Hagstærðir- Ferðagjöf.

(39%), gistingu (23%) og í afþreyingu (21%). Um 33% upphæðarinnar fór til 10 fyrirtækja og trónir þar Flyover Iceland á toppnum.

Viðspyrnu og tekjufallstyrkir komu til sögunnar seint á árinu 2020. Tekjufallsstyrkjum var m.a. ætlað að styðja við minni rekstraraðila og einyrkja sem orðið höfðu fyrir tekjufalli vegna faraldursins á tímabilinu 1. apríl 2020 til 31. október 2020¹⁵⁵. Var þessari aðgerð meðal annars ætlað að koma til móts við einyrkja sem höfðu mögulega lent á milli skips og bryggju í þeim mótvægisáðgerðum sem áður höfðu verið kynntar¹⁵⁶. Tekjufallstyrkir voru auglýstir á vef stjórnarráðsins 30. október¹⁵⁷ og lög in samþykkt 10. nóvember (Lög 118/2020). Ekki var þó opnað fyrir umsóknir fyrr en í janúar 2021. Viðspyrnustyrkir voru einnig kynntir á vef stjórnarráðsins í lok október 2020¹⁵⁸ og lög um þá samþykkt 16. desember (Lög 160/2020) en ekki var tekið við umsóknum fyrr en í byrjun mars 2021¹⁵⁹. Viðspyrnustyrkir áttu að vera framhald af tekjufallstyrkjum og voru ætlaðir þeim sem höfðu orðið fyrir verulegu tekjufalli 1. nóvember 2020 til 31. maí 2021.

¹⁵⁵ Heimild: Stjórnarráð Íslands. (e.d.). COVID-19: Aðgerðir og ráðstafanir.

¹⁵⁶ Heimild: Arnildur Hálfðánardóttir. (2020, 22. desember). „Það er nóg óvissa og óþarfi að búa til kvíða“. RÚV.

¹⁵⁷ Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2020, 16. október). Tekjufallsstyrkir samþykktir í ríkisstjórn. Stjornarradid.is.


¹⁵⁸ Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2020, 20 október). Ríkisstjórnin samþykkir enn frekari efnahagsaðgerðir vegna kórónuveirufaraldursins. Stjornarrad.is

¹⁵⁹ Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2021, 3. mars). Opnað fyrir umsóknir um viðspyrnustyrki. Stjornarradid.is

5 ALPJÓÐLEG FERÐAÞJÓNUSTA OG COVID-19

5.1 Alheimsfaraldur í ferðapjónustu

Ferðamennska á árinu 2020 einkenndist mjög af neikvæðum áhrifum COVID-19 faraldursins. Þessi áhrif fóru að segja til sín þegar í febrúar 2020 og urðu verulega mikil í mars og apríl er smit og dauðsföll jukust (mynd 49). Þessi þróun hafði tvíþættar afleiðingar fyrir ferðapjónustu. Annars vegar minnkaði áhugi fólks á ferðalögum af ótta við smit og ferðatruflanir. Hins vegar innleiddu margar þjóðir hins vestræna heims, þeirra á meðal Ísland, verulegar takmarkanir á opnunartíma þjónustufyrirtækja, hópamyndunum og á ferðalögum yfir landamæri í þeim tilgangi að draga eins mikið úr smithættu og mögulegt væri. Þessar sóttvarnaaðgerðir drógu enn frekar úr ferðaáhuga fólks og einfaldlega hindruðu ferðalög jafnvel þótt áhuginn væri til staðar.



Mynd 49: Þróun - COVID-19 faraldursins á heimsvísu¹⁶⁰.

Ferðapjónusta er sú atvinnugrein sem talin er hafa farið hvað verst út úr faraldrinum og hefur hún orðið fyrir gríðarlegum búsifjum. Árið 2020 var eitt versta ár ferðapjónustu í heiminum öllum en samdráttur í fjölda komufarþega nam 73% eða sem nemur einum milljarði færri komufarþegum en árið 2019¹⁶¹. Ef horft er til efnahagshrunsins 2009 til samanburðar var heildar samdrátturinn í komum ferðamanna ekki nema 4%¹⁶². Tekjur af alþjóðlegri ferðamennsku í heiminum minnkuðu árið 2020 um tæpa 5.000 milljarða bandaríkjadala (ca. 3,7% af heimsframleiðslunni) og 61 milljón störf í ferðapjónustu hafa glatast¹⁶³.

Samdráttur í komum ferðamanna til Evrópu var 70%¹⁶⁴. Gistinætur í löndum Evrópusambandsins drógust saman um 52% árið 2020 eða sem nemur um 1,4 milljarða gistinóttu. Þau lönd Evrópu sem byggja afkomu sína á sjávar og strandferðapjónustu, eins og Grikkland, Kýpur og Malta voru þau lönd innan ESB sem fóru hvað verst út úr afleiðingum faraldursins á ferðapjónustuna¹⁶⁵. Í þessum löndum mældist samdráttur í gistinóttum um og yfir 70% en samdrátturinn í gistinóttum hér á Íslandi nam 66% eins og kom fram í kaflanum um íslenska ferðapjónustu 2020. Minnstur samdráttur innan Evrópusambandsins var í Hollandi og Danmörku en þar fækkaði gistinóttum um minna en 35%.

5.2 Staðan í samkeppnislöndum

Ferðapjónusta hefur byggst upp á ólíkum grunni á mismunandi svæðum. Hér á eftir er farið stuttlega yfir mikilvægi ferðapjónustunnar fyrir efnahagslíf þriggja ríkja og innsýn í afleiðingar faraldursins á greinina í viðkomandi landi ásamt dæmum um mótvægisáðgerðir hins opinbera.

¹⁶⁰ Heimild: Our World in Data. (2021, mars).

¹⁶¹ Heimild: World Tourism Organization. (e.d.). UNWTO Tourism Dashboard. International Tourism and COVID-19.

¹⁶² Heimild: World Tourism Organization. (2021, 28.janúar). 2020: Worst Year in Tourism History with 1 billion fewer international arrivals. UNWTO.

¹⁶³ Heimild: World Travel & Tourism Council.(2021). Economic Impact Reports.

¹⁶⁴ Heimild: World Tourism Organization. (e.d.). UNWTO Tourism Dashboard. International Tourism and COVID-19.

¹⁶⁵ Heimild: Eurostat. (2021, 15. mars). EU tourism halved in 2020. Ec.europa.eu

5.2.1 Írland

Á Írlandi fann ferðapjónustan mjög snemma fyrir samdrætti í kjölfar aðgerða stjórnvalda til að halda COVID-19 smitum í skefjum. Fjöldi erlendra ferðamanna á Írlandi dróst saman um 77,1% árið 2020. Árið 2019 var metár í komum erlendra ferðamanna til Írlands þegar 18,7 milljónir gesta sóttu landið heim, samanborið við 4,3 milljónir 2020¹⁶⁶. Ferðapjónustan á Írlandi er töluvert háð erlendum ferðamönnum en talið er að 75% ferðapjónustu fyrirtækja á Írlandi séu mjög háð þeim¹⁶⁷. Árið 2019 var eyðsla erlendra ferðamanna 78% á móti 22% innlendra ferðamanna¹⁶⁸.

Hluttur ferðapjónustunnar árið 2019 nam 4,2% af landsframleiðslu en árið 2020 var þetta hlutfall komið niður í 1,2% (tafla 6). Tekjur ferðapjónustunnar drógust saman um tæp 76% á milli ára, frá 18,3 milljörðum bandarískra dollara í 4,5 milljarða.

Árið 2019 voru 139 þúsund starfsmenn í ferðapjónustu en árið 2020 fækkaði þeim niður í 136,8 þúsund manns¹⁶⁹. Í nóvember 2020 var stærsti einstaki hópurinn á atvinnuleysisbótum starfsfólk úr gisti- og veitingageiranum¹⁷⁰ og því til viðbótar er áætlað að fjöldi manns í greinum tengdum ferðapjónustu hafi fengið bætur frá hinu opinbera¹⁷¹.

Tafla 6: Hluttur ferðapjónustu á Írlandi í landsframleiðslu og vinnumarkaði 2019 og 2020 og skipting eyðslu eftir innlendum og erlendum ferðamönnum¹⁷²

	2019	2020
Hluttur ferðapjónustunnar í landsframleiðslunni	4,2%	1,2%
Fjöldi starfandi innan ferðapjónustunnar sem hlutfall af vinnumarkaði	6%	6%
Eyðsla innlendra og erlendra ferðamanna (Milljarðar USD)		
Erlendir ferðamenn	14,3	3,4
Innlendir ferðamenn	4	1,1

Í maí 2020 var skipaður stýrihópur sem fékk það hlutverk að setja fram endurreisnarstefnu ferðapjónustunnar frá 2020-2023 (The recovery plan for tourism 2020-2023) til að mæta afleiðingum COVID-19 á ferðapjónustu í landinu. Þessi aðgerðaáætlun var síðan lögð fram í október 2020¹⁷³ og þar eru sett fram 13 verkefni og þeim forgangsraðað. Þau verkefni sem sett voru í hæsta forgang voru eftirfarandi:

1. Aðlaga eða kynna til sögunnar nýjar aðgerðir til aðstoðar fyrirtækjum í ferðapjónustu sem COVID-19 krísan hefur haft mikil áhrif á. Má þar nefna aðgerðir á borð við styrki til lykil-ferðapjónustufyrirtækja og aðgerðir sem gera fyrirtækjum sem eiga í fjárhagserfiðleikum kleift að halda í sína starfsmenn.

¹⁶⁶ Heimild: Kenneth Fox. (2021, 2. febrúar). Tourism in Ireland drops by 77% in 2020 due to pandemic.

¹⁶⁷ Heimild: Government of Ireland. (2020, august). Focus on Tourism & Hospitality.

¹⁶⁸ Heimild: World Travel & Tourism Council. (2021). Economic Impact Reports..

¹⁶⁹ Heimild: World Travel & Tourism Council. (2021). Economic Impact Reports .

¹⁷⁰ Heimild: Government of Ireland. (2020, 3. nóvember). Update on Payments Awarded for Covid-19 Pandemic Unemployment Payment And Enhanced Illness Benefit – Statistics.

¹⁷¹ Heimild: Irish Tourism Industry Confederation. (2020, 17. nóvember). Covid-19: ITIC Bulletin 9: Cautious optimism towards end of annus horribilis.

¹⁷² Heimild: World Travel & Tourism Council. (e.d.). Economic Impact Reports.

Inn í tölum um fjölda starfandi í ferðapjónustu eru einnig talin störf sem fengu stuðning frá hinu opinbera í aðgerðum til að bregðast við atvinnuleysi faraldrinum

¹⁷³ Heimild: Tourism Recovery Taskforce. (2020, 6. október). Tourism Recovery Plan 2020-2023.

2. Stuðla að sjálfbærri atvinnu með því að kynna til sögunnar stafrænt efni til þess að endurmennta og þjálfra starfsfólk úr ferðapjónustu sem er annaðhvort án atvinnu eða í minna starfshlutfalli. Með þessum aðgerðum er markmiðið að tryggja aðgengi að hæfu starfsfólki til að byggja greinina upp.
3. Að opna landamærin eins fljótt og auðið er með öruggum hætti og í samræmi við leiðbeiningar heilbrigðisyfirvalda.
4. Að leggja meira fé til markaðssetningar.
5. Efla samkeppnishæfni greinarinnar m.a. annars með því að lækka virðisaukaskatt.

Því til viðbótar taldi nefndin mikilvægt að örva innlenda eftirspurn, byggja upp sjálfbæra ferðapjónustu og vera leiðandi í sjálfbærri ferðapjónustu þegar kemur að endurreisn greinarinnar. Einnig var lagt til að mynda þyrfti sjálfstæðan hóp sem myndi hafa eftirlit með endurreisninni og með innleiðingu aðgerðaáætlunarinnar.

5.2.2 Nýja Sjáland

Ferðapjónusta er mikilvæg nýsjálensku hagkerfi og var hlutur ferðapjónustunnar 14% af landsframleiðslunni árið 2019 og 15,7% af vinnumarkaðnum (tafla 7). Þar í landi skiptir heimamarkaðurinn miklu máli en eyðsla innlendra ferðamanna árið 2019 var 61% á móti 39% erlendra ferðamanna. Heildar samdráttur í eyðslu ferðamanna á milli ára nam 39%, eða frá 26,6 milljörðum bandaríkjadala í 16,1 milljarð. Ef horft er til ársins 2020 má sjá samdrátt sem nemur 37,6% í hlut ferðapjónustunnar í landsframleiðslunni og samdrátt um 7,3% í hlut ferðapjónustunnar í heildarvinnumarkaðinum. Árið 2019 störfuðu um 424 þúsund manns í ferðapjónustu á Nýja Sjálandi miðað við 392,9 þúsund árið 2020 sem nemur fækkun um rúm 31 þúsund störf.

Tafla 7: Hlutur ferðapjónustu á Nýja Sjálandi í landsframleiðslu og vinnumarkaði 2019 og 2020 og skipting eyðslu eftir innlendum og erlendum ferðamönnum¹⁷⁴

	2019	2020
Hlutur ferðapjónustunnar í landsframleiðslunni	14%	8,8%
Fjöldi starfandi innan ferðapjónustunnar sem hlutfall af vinnumarkaði	15,7%	14,4%
Eyðsla innlendra og erlendra ferðamanna (Milljarða USD)		
Erlendir ferðamenn	10,3	4,8
Innlendir ferðamenn	16,3	11,3

Hart var tekið á sóttvarnaraðgerðum á Nýja Sjálandi, en þar var landinu lokað strax 19. mars 2020 fyrir öllum erlendum farþegum sem ekki áttu lögheimili í landinu. Þetta var gert til þess að sporna gegn útbreiðslu veirunnar¹⁷⁵. Þá var jafnframt sett á allsherjarútgöngubann og öllum íbúum gert að halda sig heima. Landinu tókst að verða veirufritt í nokkurn tíma sem leiddi til þess að Nýsjálendingar höfðu tök á að ferðast innanlands allt árið 2020. Sóttvarnaraðgerðir Nýsjálendinga höfðu þó mikil áhrif á ferðapjónustu í landinu og var samdrátturinn í komum erlendra ferðamanna um 99%¹⁷⁶.

¹⁷⁴ Heimild: World Travel & Tourism Council. (2021). Economic Impact Reports.

Inn í tölum um fjölda starfandi í ferðapjónustu eru einnig talin störf sem fengu stuðning frá hinu opinbera í aðgerðum til að bregðast við atvinnuleysi faraldrinum

¹⁷⁵ Heimild: Radio New Zealand. (2020, 19.mars). Coronavirus: Covid-19 developments in NZ and around the world on 19 March.

¹⁷⁶ Heimild: Stats NZ. (e.d.). Tourism.

Árið 2020 vörðu nýsjálensk stjórnvöld um 400 milljónum nýsjálenskra dollara (samanber c.a. 278 milljónum bandaríkjadala) í aðgerðapakka til að styðja við ferðapjónustuna¹⁷⁷. Hluti af þeim björgunarpakka var svokölluð STAPP áætlun (Strategic Tourism Assets Protection Programme)¹⁷⁸ og fór stærstur hluti fjármagnsins í þá áætlun. Tilgangur áætlunarinnar var að standa vörð um eignir í ferðapjónustu sem taldar voru mikilvægar fyrir greinina. Markmið STAPP áætlunarinnar var að sjá til þess að mikilvægar 'eignir' ferðapjónustunnar kæmust í gegnum þær hamfarir sem COVID-19 hefur orsakað. Hér var horft á þau menningarlegu og sögulegu verðmæti sem eru mikilvæg nýsjálensku samfélagi. Settar voru fram skilgreiningar um hvaða 'eignir' innan ferðapjónustunnar væru mikilvægar og voru það eignir sem voru þekktar alþjóðlega og/eða innanlands, voru skilgreindar sem lykil-aðráttarafi og hefðu þar af leiðandi áhrif á aðsókn ferðamanna, væru eignir sem höfðu mikilvæg afleiðing áhrif fyrir einstaka svæði og landið allt¹⁷⁹.

Annar hluti aðgerðarpakkans var svokallað „Tourism Transitions Programme“ sem var ætlað að styðja við og ráðleggja ferðapjónustufyrirtækjum í gegnum krísuna. Var horft til þess að stuðningurinn kæmi í gegnum samtök og netverk ferðapjónustunnar, til að mynda í gegnum gæðakerfi ferðapjónustunnar sem nefnist Qualmark. Einnig var sett fjárhæð í verkefni sem sneru að stafrænni hæfni til hjálpar fyrirtækjum í ferðapjónustu til að þróa stafræna stefnu, bæta aðgengi að stafrænum verkfærum og njóta góðs af þeim stafrænu lausnum sem boðið er upp á hjá hinu opinbera. Svæðisbundinn viðburðasjóður var einnig eitt af þeim verkefnum sem var hluti af aðgerðarpakkanum, en sá sjóður var settur á til að örva viðburði og á þann hátt hvetja til innlendrar ferðamennsku¹⁸⁰.

Meðal annarra aðgerða í björgunarpakkanum var að setja á laggirnar þverfaglegan stýrihóp með fulltrúum úr ráðuneyti ferðamála og frá stofnunum og samtökum bæði hins opinbera og frá einkageiranum. Stýrihópnum var ætlað það hlutverk að fylgjast með endurreisn greinarinnar og vera ráðgefandi varðandi breytingar sem þyrfti að ráðast í til að ferðapjónustan yrði fær um að auðga og bæta velferð Nýsjálendinga ásamt því að koma með tillögur til þess að takast á við málefni sem varða framleiðni og sjálfbærni ferðapjónustunnar¹⁸¹.

5.2.3 Noregur

Landamærunum að Noregi var, líkt og í svo mörgum öðrum löndum, lokað í mars 2020 og hafa að miklu leyti verið lokað síðan. Farþegum á norskum flugvöllum fækkaði um 63% árið 2020¹⁸². Hluttur ferðapjónustunnar í norsku efnahagslífi var 8% af landsframleiðslunni árið 2019 en 2020 var hluttur hennar komin niður í 4,6% (tafla 8). Innanlandsmarkaður er mikilvægur í norski ferðapjónustu og var eyðsla innlendra ferðamanna árið 2019, 69% á móti 31% hjá erlendum ferðamönnum (tafla 8). Samdráttur í heildarneyslu ferðamanna var 46,6% árið 2020, en samdrátturinn var minni hjá innlendum ferðamönnum en þeim erlendu. Er áætlað að útflutningstekjur af ferðapjónustunni hafi minnkað 70% árið 2020¹⁸³.

Þær undirgreinar ferðapjónustunnar í Noregi sem hafa hvað mest fundið fyrir samdrættinum eru fyrirtæki í menningu og afþreyingu, veitingapjónustu, hótél og gistingu¹⁸⁴. Talið er að ferðapjónustan í landinu muni ekki ná sér á strik fyrr en 2023 þegar áætlað er að eftirspurn verði komin á sama stað og hún var 2019¹⁸⁵.

Árið 2019 störfuðu í ferðapjónustu um 11,4% af þeim sem voru á norskum vinnumarkaði eða um 311 þúsund manns en árið 2020 voru starfandi í ferðapjónustu 287,1 þúsund sem nemur um 7,6% fækkun¹⁸⁶. Hélt fækkunin áfram árið 2021¹⁸⁷.

¹⁷⁷ Heimild: Ministry of Business Innovation and Employment. (e.d.). 2020 Tourism Recovery Package.

¹⁷⁸ Heimild: Ministry of Business Innovation and Employment. (e.d.). Strategic Tourism Assets Protection Programme.

¹⁷⁹ Heimild: Ministry of Business, Innovation & Employment. (e.d.). Process, eligibility, and decision making.

¹⁸⁰ Heimild: Ministry of Business, Innovation & Employment. (e.d.). Regional Events Fund.

¹⁸¹ Heimild: Ministry of Business, Innovation & Employment. (e.d.). Tourism Futures Taskforce.

¹⁸² Heimild: Avinor. (e.d.). Statistics.

¹⁸³ Heimild: Visit Norway. (2021). Pandemien; Folger og forventninger for reiselivet.

¹⁸⁴ Heimild: Visit Norway. (2021). Pandemien; Folger og forventninger for reiselivet.

¹⁸⁵ Heimild: Sandvik, Tuftin, Jakobsen. (2020). COVID-19-krisen : gjenreisning og vekst for norsk reiselivsnæring. Universitetet i Sørøst-Norge.

¹⁸⁶ Heimild: World Travel & Tourism Council. (2021). Economic Impact Reports-Norway.

¹⁸⁷ Heimild: Visit Norway. (2021). Pandemien; Folger og forventninger for reiselivet.

Tafla 8: Hluttur ferðapjónustu í landsframléiðslu og vinnumarkaði 2019 og 2020¹⁸⁸

	2019	2020
Hluttur ferðapjónustunnar í landsframléiðslunni	7,9%	4,6%
Fjöldi starfandi innan ferðapjónustunnar sem hlutfall af vinnumarkaði	11,4%	10,6%
Eyðsla innlendra og erlendra ferðamanna (Milljarða USD)		
Erlendir ferðamenn	6,2	1,9
Innlendir ferðamenn	13,9	8,8

Gistinætur voru 11,4 milljónum færri árið 2020 samanborið við 2019¹⁸⁹. Átti þetta við allar tegundir gistingar. Gistinóttum innlendra ferðamanna fækkaði um 17% en gistinóttum erlendra ferðamanna fækkaði um 69%. Líkt og annarstaðar jukust gistinætur innlendra ferðamanna yfir sumarið.

Norsk yfirvöld brugðust strax við ástandinu í mars 2020 og frá þeim tíma hafa þau kynnt ýmsar aðgerðir fyrir fyrirtæki og einstaklinga til að eiga við efnahagslegar afleiðingar faraldursins¹⁹⁰. Þær aðgerðir sem kynntar voru í mars 2020 voru á meðal annarra; lækkun virðisaukaskatts úr 12% í 8%, á farþegaflutninga, gistingu, menningarviðburði og ferðamannasegla; fjárhagslegur stuðningur við fyrirtæki þar sem komið er til móts við hluta af föstum kostnaði þeirra; ásamt sérstökum aðgerðum sem voru miðaðar að flugfélögum¹⁹¹. Sérstakar aðgerðir voru síðan kynntar í september 2020 sem miðaðar voru að ferðapjónustunni og voru upp á 1 milljarð NOK (samanber c.a. 114 milljónir USD). Áætlunin var miðuð að fyrirtækjum í ferðapjónustu sem tilheyrðu gisti- og veitingapjónustu, milliliðum (svo sem ferðaskipuleggjendum og þess háttar) og hluta þeirra greina sem teljast til farþegaflutninga og afþreyingar¹⁹². Til viðbótar voru 250 milljónir NOK skilgreindar til fjárfestingar í endurskipulagningu greinarinnar.

Í könnun sem gerð var í maí mánuði 2021 á meðal norskra ferðapjónustufyrirtækja kemur í ljós að aðstandendur ferðapjónustufyrirtækja telja að afleiðingar COVID-19 krísunnar munu hafa áhrif löngu eftir að opnað verður aftur fyrir ferðalög. Helsta áskorunin er talin verða aukin skuldabyrði fyrirtækjanna¹⁹³.

¹⁸⁸ Heimild: World Travel & Tourism Council. (2021). Economic Impact Reports-Norway.

Inn í tölum um fjölda starfandi í ferðapjónustu eru einnig talin störf sem fengu stuðning frá hinu opinbera í aðgerðum til að bregðast við atvinnuleysi faraldrinum

¹⁸⁹ Heimild: Kristin Aasestad. (2021, 29.janúar). Full fart før bråstopp for overnattingsbransjen i 2020. Statistics Norway.

¹⁹⁰ Heimild: Regjeringen. (e.d.). Nyheter og pressemeldinger.

¹⁹¹ Heimild: Regjeringen. (2020, 27.mars). Economic measures in Norway in response to COVID-19. /

¹⁹² Heimild: Regjeringen.(2020, 21. september). Nye tiltak for reiselivet: Nærmere 1,5 milliarder kroner til reiselivet i høst.

¹⁹³ Heimild: NHO Reiseliv. (2021, 14.mai). Oppdatert: Situasjonsanalyse for norsk reiseliv.

6 HEIMILDASKRÁ

- Arnhildur Hálfðánardóttir. (2020, 22. desember). „Það er nóg óvissa og óþarfi að búa til kvíða“. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/2020/12/22/thad-er-nog-ovissa-og-otharfi-ad-bua-til-kvida>
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2021, 30. apríl). Ný Ferðagjöf stjórnvalda. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/04/30/Ny-Ferdagjof-stjornvalda/>
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2020, 19. júní). Ferðagjöfin afhent Íslendingum. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/06/19/Ferdagjofin-afhent-Islendingum/>
- Avinor. (e.d.). *Statistics*. Sótt 3. Júní 2021 af <https://avinor.no/en/corporate/about-us/statistics/archive>
- Baldur Arnarson. (2020, 19. mars). Íslandshótel loka nokkrum hótélum. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/03/19/islandshotel_loka_nokkrum_hotelum/
- COVID.is. (e.d.). *Tölulegar upplýsingar vegna COVID-19: Fjöldi smita innanlands*. Sótt af <https://www.covid.is/tolulegar-upplýsingar>
- Egill Páll Egilsson. (2019, 1. mars). Myrkur framundan í ferðapjónustu. Sótt af <https://www.mannlif.is/frettir/myrkur-fram-undan-i-ferdathjonustu/>
- Eurostat. (2021, 15. mars). EU tourism halved in 2020. Sótt af <https://ec.europa.eu/eurostat/web/products-eurostat-news/-/ddn-20210315-2>
- Ferðamálastofa (2020, 23. apríl). Umsögn Ferðamálastofu um frv. Til br. Á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr.95/2018 (Endurgreiðslur). Sótt af <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-1839.pdf>
- Ferðamálastofa. (2020, 27. mars). Tæp 90% Íslendinga hyggja á ferðalög innanlands á næstu mánuðum. Sótt af <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/taep-90-islendinga-hyggja-a-ferdalag-innanlands-a-naestu-manudum>
- Ferðamálastofa. (2020, mars). *Ferðalög Íslendinga 2019 og ferðaáform þeirra 2020*. Sótt af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/kannanir-og-rannsoknir/ferdavenjur-islendinga>
- Ferðamálastofa. (e.d.). *Brottfarir Íslendinga um Keflavíkurflugvöll 2004-2021*. Sótt þann 5. mars 2021 <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/utanferdir-islendinga>
- Ferðamálastofa. (e.d.a). *Heildarfjöldi erlendra ferðamanna*. Sótt 2. maí af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna>
- Ferðamálastofa. (e.d.b.). *Heildarfjöldi erlendra ferðamanna 1949-2020*. Sótt 2. júlí 2021 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna>
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2021, 3. mars). Opnað fyrir umsóknir um viðspyrnustyrki. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/03/03/Opnad-fyrir-umsoknir-um-vidspyrnustyrki/>
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2020, 6. nóvember). *Úrræði vegna faraldurs Nýting heimila og fyrirtækja*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2020/11/06/Urraedi-vegna-faraldurs-Nyting-heimila-og-fyrirtaekja/>
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2020, 20. október). Ríkisstjórnin samþykkir enn frekari efnahagsaðgerðir vegna kórónuveirufaraldursins. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/10/30/Rikisstjorn-samthykkir-enn-frekari-efnahagsadgerdir-vegna-koronuveirufaraldursins/>
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2020, 16. október). Tekjufallsstyrkir samþykktir í ríkisstjórn. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/10/16/Tekjufallsstyrkir-samthykkir-i-rikisstjorn/>

- Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2020, 17. apríl). Samningur um framkvæmd á veitingu ábyrgða gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/04/17/Samningur-um-framkvaemd-a-veitingu-abyrgda-gagnvart-lanastofnunum-vegna-vidbotarlana-theirra-til-fyrirtaekja/>
- Gallup. (2021, mars). *Ferðalög Íslendinga 2020 og ferðaaform þeirra 2021*. Sótt af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/utgefid-efni/ferdavenjur/ferdalag-islendinga-2020-og-ferdaaform-theirra-2021>
- Gallup. (2020, nóvember). *Sumarið 2020 og horfurnar framundan: Könnun meðal ferðþjónustufyrirtækja*. Reykjavík: Gallup.
- Greining Íslandsbanka. (2020, janúar). *Þjóðhagsspá 2020-2022*. Reykjavík: Íslandsbanki
- Government of Ireland. (2020, 3. nóvember). *Update on Payments Awarded for Covid-19 Pandemic Unemployment Payment And Enhanced Illness Benefit – Statistics*. Sótt af <https://assets.gov.ie/94762/cf2ec42f-85f0-4b64-88ba-b7ab32ad40e1.pdf#page=null>
- Government of Ireland. (2020, august). *Focus on Tourism & Hospitality*. Ireland: Höfundur. <https://enterprise.gov.ie/en/Publications/Publication-files/Focus-on-Tourism-and-Hospitality-2020.pdf>
- Gunnar A. Ólafsson og fl. (2016, desember). *Launagreining í ferðþjónustu*. Háskólinn á Bifröst. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Acrobat/Launagreining-i-ferdathjonustu.pdf>
- Gylfi Zoega. (2020, 8. febrúar). *Efnahagslíf í hálaunalandi*. Aðsendar greinar. Sótt af <https://kjarinn.is/skodun/2020-02-08-efnahagslif-i-halaunalandi/>.
- Hagsjá. (2018,13. apríl). *Fjárfesting í ferðþjónustu síðustu ár margföld á við meðalár*. Reykjavík, Landsbanki Íslands.
- Hagstofa Íslands. (2021, 30. júní). *Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum skráðra gististaða 1998-2021*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/gisting/>
- Hagstofa Íslands. (2021, 18. júní). *Fjöldi starfandi í atvinnugreinum samkvæmt skrá eftir mánuðum, kyni, aldri og bakgrunni 2008-2021*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/vinumarkadur/vinnuafl-skraargogn/>
- Hagstofa Íslands. (2021, 26. maí). *Valdir liðir útflutnings vöru og þjónustu*. <https://hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/utanrikisverslun/voru-og-thjonustuvidskipti/>
- Hagstofa Íslands. (2021, 25. maí). *Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum skráðra gististaða 1998-2021*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/gisting/>
- Hagstofa Íslands. (2021, 30. apríl). *Fjöldi herbergja og rúma á hótélum eftir landsvæðum 2015-*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/gisting/>
- Hagstofa Íslands. (2021, 28. apríl). *VSK velta í einkennandi atvinnugreinum ferðþjónustu á Íslandi 2016-*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/hagvisar-i-ferdathjonustu/>
- Hagstofa Íslands. (2021, 20. apríl). *Farþegar um Keflavíkflugvöll eftir ríkisfangi og mánuðum 2002-2021*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/fartheagar/>
- Hagstofa Íslands. (2021, 14. apríl). *Fjöldi starfandi í atvinnugreinum samkvæmt skrá eftir mánuðum, kyni, aldri og bakgrunni 2008-2021*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/vinumarkadur/vinnuafl-skraargogn/>
- Hagstofa Íslands. (2021, 29. mars). *Rekstrar- og efnahagsyfirlit atvinnugreinahópa 2002-2019*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/fyrirtaeki/afkoma-fyrirtaekja/>

- Hagstofa Íslands. (2021, 23. mars). *Fjöldi starfandi í atvinnugreinum samkvæmt skráum eftir árum, kyni, aldri og bakgrunni 2008-2020*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/vinumarkadur/vinnuafli-skraargogn/>
- Hagstofa Íslands. (2021, 26. febrúar). Landsframleiðsla dróst saman um 6,6% á síðasta ári. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/thjodhagsreikningar/thjodhagsreikningar-2020-aaetlun/>
- Hagstofa Íslands. (2021, 26. febrúar). *Samantekt á niðurstöðum TSA, 2009-2020*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/ferdathjonustureikningar/>
- Hagstofa Íslands. (2021, 5. febrúar). *Fjöldi fyrirtækja og rekstrarupplýsingar eftir atvinnugreinum og stærð 2008-2019*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/fyrirtaeki/fyrirtaeki/>
- Hagstofa Íslands. (2021, 28. janúar). *VSK velta í einkennandi atvinnugreinum ferðþjónustu á Íslandi 2016-*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/hagvisar-i-ferdathjonustu>
- Hagstofa Íslands. (2021, 18. janúar). Tilraunatólfraeði - Efnahagsaðgerðir vegna kórónuveirufaraldursins. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/tilraunatolfraedi/efnahagsadgerdir-vegna-koronuveirufaraldursins-tt/>
- Hagstofa Íslands. (2020, 30. júní). Gistinóttum fækkaði um 89% í maí og 47 hótél voru lokuð. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/ferdathjonusta/gistinaetur-i-mai-2020>
- Hagstofa Íslands. (e. d.). Hagvöxtur. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/thjodhagsreikningar/landsframleidsla/>
- Hagtíðindi. (2019, 1. nóvember). *Þjóðhagsspá að vetri 2019*. Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/thjodhagsspa/thjodhagsspa-ad-vetri-2019/>
- Hale, T., Webster, S., Petherick, A., Phillips, T. og Beatriz K. (2020). Oxford COVID-19 Government Response Tracker, Blavatnik School of Government. Sótt af <https://www.bsg.ox.ac.uk/research/research-projects/covid-19-government-response-tracker>
- Helgi Vífill Júlíusson. (2020, 26. ágúst). Ferðamenn héldu uppi mörgum veitingstöðum á landsbyggðinni. *Fréttablaðið. Bls. 8.*
- Irish Tourism Industry Confederation. (2020, 17. nóvember). Covid-19 ITIC Bulletin 9: Cautious optimism towards end of annus horribilis. Sótt af <https://www.itic.ie/ezone/covid-19-itic-bulletin-9/>
- ISAVIA. (2019, 23. desember). Farþegaspá fyrir árið 2020. Sótt af <https://www.isavia.is/fyrirtaekid/fjolmidlatorg/frettir/farthe gaspa-fyrir-arid-2020>
- Íris Hrund Halldórsdóttir & Magnfríður Júlíusdóttir. (2020). *Aðstæður erlends starfsfólks í ferðþjónustu: Sjónarhorn stéttarfélaganna og starfsfólks*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Íslandsbanki. (2017, mars). *Íslensk ferðþjónusta*. Reykjavík: Íslandsbanki.
- Íslandsbanki. (2019, maí). *Íslensk ferðþjónusta*. Reykjavík: Íslandsbanki.
- Jóhann Viðar Ívarsson. (2020, janúar). *Rekstur og efnahagur í ferðþjónustu*. Reykjavík: Ferðamálastofa. Sótt af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2020/januar/rekstur-og-efnahagur-i-ferdathjonustu.pdf>
- Kenneth Fox. (2021, 2. febrúar). Tourism in Ireland drops by 77% in 2020 due to pandemic. Sótt af <https://www.breakingnews.ie/>
- Kristin Aasestad. (2021, 29. janúar). Full fart før bråstopp for overnattingsbransjen i 2020. Sótt af <https://www.ssb.no/transport-og-reiseliv/artikler-og-publikasjoner/full-fart-for-brastopp-for-overnattingsbransjen-i-2020>

- Markaðsstofa Norðurlands. (2020, ágúst). *Könnun 25.ágúst – 5. september: Önnur könnun Markaðstofu Norðurlands vegna Covid-19 á Norðurlandi*. Akureyri: Höfundur. Sótt af https://www.ssne.is/static/files/Fundargerdir/14/8-b.-konnun_covid_agust_samantekt.pdf
- Markaðsstofa Suðurlands. (2020, október). *Könnun Markaðsstofu Suðurlands vegna áhrifa Covid-19*. Selfoss: Höfundur. Sótt af <https://www.south.is/static/files/PDF/astaeda-ekki-nytingu-a-urraedum-stjornvalda-vegna-covid-04.11.2020-gfv.pdf>
- Meis, Scott. (2014). *Measuring Employment in the Tourism Industries Beyond the Tourism Satellite Account A Case Study of Canada*. Geneva: International Labour Organization. Sótt af https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---dgreports/---stat/documents/publication/wcms_243294.pdf
- Ministry of Business Innovation and Employment. (e.d.). 2020 Tourism Recovery Package. Sótt júní 2021 af <https://www.mbie.govt.nz/immigration-and-tourism/tourism/tourism-recovery/2020-tourism-recovery-package/>
- Ministry of Business, Innovation & Employment. (e.d.). Process, eligibility, and decision making. Sótt af <https://www.mbie.govt.nz/immigration-and-tourism/tourism/tourism-recovery/strategic-tourism-assets-protection-programme/process-eligibility-and-decision-making/>
- Ministry of Business, Innovation & Employment. (e.d.). Regional Events Fund. Sótt af <https://www.mbie.govt.nz/immigration-and-tourism/tourism/tourism-recovery/regional-events-fund/>
- Ministry of Business Innovation and Employment. (e.d.). Strategic Tourism Assets Protection Programme. Sótt júní 2021 af <https://www.mbie.govt.nz/immigration-and-tourism/tourism/tourism-recovery/strategic-tourism-assets-protection-programme/>
- Ministry of Business, Innovation & Employment. (e.d.). Tourism Futures Taskforce. Sótt af <https://www.mbie.govt.nz/immigration-and-tourism/tourism/tourism-recovery/tourism-futures-taskforce/>
- Mælaborð Ferðapjónustunnar. (2020, 1. september). *Komur skemmtiferðaskipa á Íslandi*. Sótt af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/fartheagar/skemmtiferdaskip>
- Mælaborð ferðapjónustunnar. (2021, 1.janúar). *Kortavelta erlendra og innlendra ferðamanna*. Sótt af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/hagstaerdir/greidslukortavelta>
- Mælaborð Ferðapjónustunnar. (2021, 9. júní). *Hagstærðir- Ferðagjöf*. Sótt af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/hagstaerdir/ferdagjof>
- NHO Reiseliv. (2021, 14.máí). Oppdatert Situasjonsanalyse for norsk reiseliv. Sótt af <https://www.nhoreiseliv.no/tall-og-fakta/tiltak-for-reiselivet-nodvendig/#part0>
- OECD. (2020). *OECD: Tourism Trends and Policies 2020*. OECD Publishing: París, <https://doi.org/10.1787/6b47b985-en>.
- OECD. (2018). *OECD Tourism Trends and Policies 2018*, OECD Publishing: París, <https://doi.org/10.1787/tour-2018-en>.
- OECD.(e.d.). *Average wages*. OECD Data. Sótt í maí 2021 af <https://data.oecd.org/earnwage/average-wages.htm#indicator-chart>
- Our World in Data. (2021, mars). *Cumulative confirmed COVID-19 deaths and cases, World*. Sótt af <https://ourworldindata.org/grapher/cumulative-deaths-and-cases-covid-19>
- Radio New Zealand. (2020, 19.mars). Coronavirus Covid-19 developments in NZ and around the world on 19 March. Sótt af <https://www.rnz.co.nz/news/national/412094/coronavirus-covid-19-developments-in-nz-and-around-the-world-on-19-march>.

- Rannsóknasetur Verslunarinnar (2021, 14.mái). *Mánaðarleg kortavelta erlendra ferðamanna eftir útgjaldaliðum*. Sótt af rsv.is
- Rannsóknasetur Verslunarinnar. (2021, 19.apríl). *Mánaðarleg kortavelta erlendra ferðamanna eftir útgjaldaliðum*. Sótt af rsv.is
- Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, 3. desember). *Fjárhagsgreining: Staða íslenskrar ferðapjónustu í árslok 2019*. Reykjavík: KPMG ehf.
- Ráðgjafarsvið KPMG. (2020, apríl). *Áhrif COVID-19 á rekstur ferðapjónustufyrirtækja*. Reykjavík: KPMG ehf.
- Regjeringen. (2020, 27.mars). Economic measures in Norway in response to COVID-19. Sótt af <https://www.regjeringen.no/en/aktuelt/economic-measures-in-norway-in-response-to-covid-192/id2695355/>
- Regjeringen. (e.d.). Nyheter og pressemeldinger. Sótt af <https://www.regjeringen.no/no/aktuelt/nyheter/id2006120/?from=01.01.2020&to=31.12.2020&ownerid=709&topic=2692388&term=&page=6>
- Regjeringen.(2020, 21. september). Nye tiltak for reiselivet: Nærmere 1,5 milliarder kroner til reiselivet i høst. Sótt af <https://www.regjeringen.no/no/aktuelt/nye-tiltak-for-reiselivet-narmere-15-milliarder-kroner-til-reiselivet-i-host/id2765308/>
- Samtök Ferðapjónustunnar. (2019, 17. apríl). Ferðalög – Lýsandi Hagvísar. Sótt af <https://www.saf.is/2019/04/17/hitamaelir-islendingar-a-faraldsfaeti/>
- Sandvik, Tuftin, Jakobsen. (2020). COVID-19-krisen gjenreisning og vekst for norsk reiselivsnæring. Universitetet i Sørøst-Norge. Sótt af <https://openarchive.usn.no/usn-xmlui/handle/11250/2655477>
- SBA-Norðurleið. (2020, 31. ágúst). Dagsferðum sumarið 2020 lokið. Sótt af <https://www.sba.is/is/moya/news/dagsferdum-sumarid-2020-lokid-1>
- Seðlabankinn. (2019, 9.október). *Fjármálastöðugleiki*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalastodugleiki/FS/2019/FS_2019_2.pdf
- Sólveig Klara Ragnarsdóttir. (2020, 11.júlí). Fáir farþegar í fyrsta skemmtiferðaskipi sumarsins. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/2020/07/11/fair-fartheGAR-i-fyrsta-skemmtiferdaskipi-sumarsins>.
- Stacey, J. (2015, 3.desember). *Supporting Quality Jobs in Tourism*. OECD Tourism Papers, No.2015/02, OECD Publishing, Paris, <https://doi.org/10.1787/5js4rv0g7szz-en..>
- Stats NZ. (e.d.). Tourism. Sótt af <https://www.stats.govt.nz/topics/tourism>
- Stjórnarráð Íslands. (2020, 28. apríl). Framhald hlutastarfaleiðar og aukinn stuðningur við fyrirtækin. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/04/28/Framhald-hlutastarfaleidar-og-aukinn-studningur-vid-fyrirtaeki/>
- Stjórnarráð Íslands. (2020, 21. apríl). Varnir, vernd og viðspyrna gegn efnahagslegum og félagslegum áföllum. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/04/21/Varnir-vernd-og-vidspyrna-gegn-efnahagslegum-og-felagslegum-afollum/>
- Stjórnarráð Íslands. (2020, 21. mars). Viðspyrna fyrir Ísland – efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/03/21/Vidspyrna-fyrir-Island-efnahagsadgerdir-stjornvalda-vegna-COVID-19/>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *COVID-19: Aðgerðir og ráðstafanir*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>.
- Tourism Recovery Taskforce. (2020, 6. október). *Tourism Recovery Plan 2020-2023*. Ireland: Government of Ireland. Sótt af <https://www.gov.ie/en/publication/be0cb-tourism-recovery-plan-2020-2023/>

- Valgerður Árnadóttir. (2020, 12. ágúst). Icelandair Hotels tekur fyrsta brúarlánið. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/2020/08/12/icelandair-hotels-tekur-fyrsta-bruarlanid>
- Viðskiptablaðið.(2020, 2.október). Hækkun launa á Íslandi “sláandi”. Sótt af <https://www.vb.is/frettir/haekkun-launa-islandi-slaandi/164450/>
- Visit Norway. (2021). Pandemien; Folger og forventninger for reiselivet. Sótt af <https://business.visitnorway.com/no/strategi-for-norsk-reiseliv/kunnskapsgrunnlag/pandemien-folger-og-forventninger-for-reiselivet/>
- World Tourism Organization. (2021, 28.janúar). 2020 Worst Year in Tourism History with 1 billion fewer international arrivals. Sótt af <https://www.unwto.org/news/2020-worst-year-in-tourism-history-with-1-billion-fewer-international-arrivals>
- World Tourism Organization. (e.d.). *UNWTO Tourism Dashboard. International Tourism and COVID-19*. Sótt í maí 2021 af <https://www.unwto.org/international-tourism-and-covid-19>
- World Travel & Tourism Council.(2021). *Economic Impact Reports*. Sótt af <https://wtcc.org/Research/Economic-Impact>
- World Travel & Tourism Council. (2021). *Economic Impact Reports-Norway*. Sótt af <https://wtcc.org/Research/Economic-Impact>
- World Travel & Tourism Council. (2021). *Economic Impact Reports - Ireland*. Sótt af <https://wtcc.org/Research/Economic-Impact>
- World Travel & Tourism Council. (2021). *Economic Impact Reports – New Zealand*. Sótt af <https://wtcc.org/Research/Economic-Impact>
- Þorsteinn Friðrik Halldórsson.(2020, 21. mars). Allir lögráða íbúar landsins frá gjafabréf frá stjórnvöldum.Sótt af <https://www.frettabladid.is/markadurinn/allir-lograda-islendingar-fra-gjafabref-fra-stjornvoldum/>.
- Þóroddur Bjarnason. (2021, 17.mars). 400 milljóna króna leigugreiðslur felldar niður. Sótt af <https://www.fhg.is/post/400-millj%C3%B3na-kr%C3%B3na-leigugrei%C3%B0slur-felldar-ni%C3%B0ur>.
- Þóroddur Bjarnason. (2021, 21. janúar). Leigum og bílum fækkað mikið. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/01/21/leigum_og_bilum_faekkad_mikid/

7 VIÐAUKAR

Viðauki 1 – Spá um virðisauka og hagnað í ferðapjónustu 2020


Virðisauki

Ein aðferð til að áætla áhrif Covid á afkomu ferðapjónustunnar er að byggja það mat á einföldu líkani. Ljóst er að afkoma ferðapjónustunnar ræðst af fjölmörgum þáttum. Þar á meðal eru neyslulífi ferðamanna, tækni, fjármunir

Tafla 1: Undirliggjandi líkön

Líkan 1	$V = \alpha + \beta \cdot n + u$
Líkan 2	$V = \alpha + \beta \cdot n + \gamma \cdot t + u$
Líkan 3	$V = \alpha + (\beta + \gamma \cdot t) \cdot n + u$
Líkan 4	$\ln(V) = \alpha + \beta \cdot \ln(n) + u$
Líkan 5	$\ln(V) = \alpha + \beta \cdot \ln(n) + \gamma \cdot t + u$
Líkan 6	$\ln(V) = \alpha + (\beta + \gamma \cdot t) \cdot \ln(n) + u$


í greininni, ólíkt verð og síðast en ekki síst fjöldi ferðamanna enda lýsir hann framleiðslumagni fyrirtækjanna. Í þessu verkefni er helst áhugi á að skoða samband afkomustærða og fjölda ferðamanna þar sem Covid hafði fyrst og fremst áhrif á hann. Hér er því gert ráð fyrir að hægt sé að lýsa afkomunni á hverju tímabili sem einföldu falli af fjölda erlendra ferðamanna. Nánari upplýsingar um niðurstöður aðhvarfsgreininga má sjá í viðauka 4. Fjölmörg ólík líkön voru notuð til að kanna samband virðisauka og fjölda ferðamanna og eru sex þeirra sýnd í töflu 1. Niðurstöður aðhvarfsgreininga benda til þess að fjöldi ferðamanna útskýri breytingar í virðisauka að mjög miklu leyti (ca. $R^2 = 0,97$). Niðurstöður líkananna sex eru mjög svipaðar og fylgja raungildum vel framan af eins og sjá má á mynd 1.



Mynd 1: Tímalína virðisauka ferðapjónustu ásamt niðurstöðum aðhvarfsgreininga¹⁹⁴.

Í mynd 1 ná rauntölur virðisauka aðeins til 2019, þannig að líkönin spá virðisauka 2020 utan gagnatímabilsins. Myndin sýnir að flest líkönin eru nokkuð sammála um spágildi fyrir árið 2020 þegar 478.510 ferðamenn komu til landsins. Líkan 2 sker sig þó aðeins úr og spáir hærri virðisauka. Mynd 2 sýnir spáðar niðurstöður ársins 2020 ásamt 95% öryggisbilum.

¹⁹⁴Tölvupóstur frá Gyðu Þórðardóttur og Ferðamálastofa.




Mynd 2: Spá virðisauka ferðapjónustu árið 2020 ásamt óvissubílum¹⁹⁵.

Sjá má að öryggisbilin eru misstór sem bendir til ólíkrar óvissu í líkönum. Þegar litið er á öryggisbilin má sjá að lægsta matið á virðisauka ferðapjónustunnar árið 2020 er í kringum 71 milljarð króna en hæsta um 280 milljarðar króna. Af sex líkönum gefa fjögur niðurstöðu á bilinu 120-132 milljarðar króna og er miðgildi niðurstaðna 128 milljarðar en meðaltal er um 136 milljarðar króna en það er verulega dregið upp af niðurstöðum líkans 2. Það er samdráttur um rúma 150 milljarða króna sem er um 5% af VLF.


Hagnaður

Til að skoða samband hagnaðar og fjölda ferðamanna höfum við hér sett upp mynd sem sýnir sambandið í fleygboga (Mynd 3). Áhugavert er að sjá að í upphafi áratugarins var nettó hagnaðurinn í kringum 15-22 milljarðar króna. Hagnaður hækkaði upp í um það bil 35 milljarða króna árin 2015 og 2016 og mikill vöxtur var í greininni enda hröð aukning ferðamanna. Þá tók hagnaður að lækka og var kominn undir 10 milljarða árið 2017 og hefur haldist þar. Þessa lækkun má sem fyrr segir útskýra með mjög svo hækkandi raunlaunum, lægri virðisauka á ferðamann m.a. vegna aukinnar samkeppni á markaðnum og með aukinni skuldsetningu fyrirtækja.

Þegar litið er til brúttó-hagnaðar er þróunin svipuð nema þá lækkar hagnaður ekki eins mikið í lok tímabilsins. Mismunurinn þarna á milli er afskriftir en mikil fjárfesting var á árunum 2016 og 2017 og því afskriftir miklar í kjölfarið.




¹⁹⁵ Tölvupóstur frá Gyða Þórðardóttir og Ferðamálastofa.



Mynd 3: Samband nettó og brúttó hagnaðar og erlendra ferðamanna, fast verðlag 2020¹⁹⁶.

Erfiðara er að spá fyrir um hagnað fyrirtækjanna en virðisauka, niðurstöður aðhvarfsgreininga benda til þess að fjöldi ferðamanna sé ekki eins góð útskýringabreyta fyrir hagnað fyrirtækjanna. Hagnaður er verulega háður fjárfestingu fyrirtækja sem er fremur háð framtíðartrú fyrirtækjanna en núverandi fjölda ferðamanna. Því eru niðurstöður aðhvarfsgreininga fyrir hagnað með meiri breytileika en var fyrir virðisaukann. Líklegustu niðurstöðurnar fást úr annarrar gráðu margliðum sem innihalda tímabreytu og niðurstöður þeirra má sjá á mynd 4.



Mynd 4: Nettó og brúttó hagnaður auk spágilda fyrir árið 2020¹⁹⁷.

Miðað við niðurstöður þessarar greiningar má áætla að nettó hagnaður ferðaþjónustunnar hafi verið neikvæður um rúmlega 50 milljarða króna árið 2020 og brúttó hagnaður hafi verið neikvæður um 26 milljarða. Þetta er í allgóðu samræmi við niðurstöður KPMG¹⁹⁸ sem spáðu því að EBIDTA ferðaþjónustufyrirtækja hafi verið neikvæð um 23 milljarða króna árið 2020.

¹⁹⁶Tölvupóstur Gyða Þórðardóttir og Ferðamálastofa

¹⁹⁷Tölvupóstur Gyða Þórðardóttir og Ferðamálastofa.

¹⁹⁸ KPMG, 2020


Viðauki 2 – Samband ferðapjónustu, smita, sóttvarna og mótvægisáðgerða

Hér höfum við áhuga á að kanna hvernig covid-smit, sóttvarnaáðgerðir og mótvægisáðgerðir hins opinbera höfðu áhrif á ferðapjónustu á árinu 2020. Þetta er ekki auðvelt að kanna enda er þetta nýliðin tíð og reynslutímabilið rétt liðlega ár. Til að geta dregið sæmilega áreiðanlegar tölfræðilegar ályktanir er því þörf á svokölluðum hátíðnigögnum, þ.e. mörgum mælingum yfir þetta tímaskið. Margar af breytunum, einkum Covid-smitstærðir breytast og eru mældar daglega. Aðrar eins og t.d. sóttvarnaáðgerðir breytast í stökum á tilteknum dagsetningum en eru síðan óbreyttar vikum og mánuðum saman. Mótvægisáðgerðir, eins og t.d. hlutabætur, atvinnuleysisbætur, brúarlán og stuðningur til sveitarfélaga eru tilkynntar á tilteknum degi en komast til framkvæmda í breytilegum mæli á einhverju tímabili sem á eftir fylgir. Þá er einnig erfitt að sundurgreina áhrif af smitum, sóttvörnum og mótvægisáðgerðum því þessar breytur eru nátengdar. Orsakasambandið er sennilega frá smitum til sóttvarnaáðgerða sem hafa áhrif á (i) umsvif í ferðapjónustu sem leiðir til mótvægisáðgerða og (ii) til smita á síðari tíma.

Gögnin

Fjöldi smita: Gögn um daglegan fjölda Covid-smita má nálgast á vefsíðu covid.is. Gögnin má telja vel áreiðanleg um greind smit en ekki um raunveruleg smit sem eru ugglást miklu fleiri. Þó er líklegt að munur hinna greindu smita og raunverulegra smita minnki þegar á árið 2020 líður og umsjónarkerfi Covid braggast.

Sóttvarnaáðgerðir: Sóttvarnaáðgerðir bæði herðing þeirra og slökun eru tilkynntar opinberlega (með reglugerð). Talsverður fjöldi slíkra tilkynninga hefur verið gefinn út. Tekið hefur verið saman sæmilega ytarlegt yfirlit yfir þessar sóttvarnaáðgerðir innanlands árinu 2020 ásamt tímasetningum og er þeim lýst á mynd 5. Gallinn við gögnin í mynd 5 er að þetta eru aðeins tímasetningar sóttvarnaáðgerða. Þær standa hins vegar í einhvern tíma og móta atferli á því skeiði.



Mynd 5: Tímalína sóttvarnaáðgerða ¹⁹⁹.

ST stendur fyrir samkomutakmarkanir en TS stendur fyrir tilslakanir.

Hópur fólks á vegum Blavatnik School of Government hjá Oxford Háskóla í Bretlandi hefur tekið saman handhægar vísitölur sem kallast einu nafni *The Oxford COVID-19 Government Response Tracker (OxCGRT)*²⁰⁰. Vísitölurnar eru nokkrar og er meðal annars ein fyrir sóttvarnaáðgerðir (e. stringency index) sem ætlað er að mæla hörku sóttvarnaáðgerða²⁰¹.


Samhengi vísitölu sóttvarnaáðgerða og ofangreinds yfirlits um tilkynningar um sóttvarnaáðgerðir er lýst á mynd 6. Eins og sjá má er sambandið allgott en hafa þarf í huga að vísitala sóttvarnaáðgerða tekur einkum til áðgerða

¹⁹⁹ Sjá viðauka 3 með yfirlit yfir sóttvarnaáðgerðir

²⁰⁰ Hale, T., Webster, S., Petherick, A., Phillips, T. og Beatriz K. (2020) Oxford COVID-19 Government Response Tracker, Blavatnik School of Government. Sótt af <https://www.bsg.ox.ac.uk/research/research-projects/covid-19-government-response-tracker>

²⁰¹ Nánar má lesa um vísitölurnar í skýrslu Fjármála- og efnahagsráðuneytisins (2021) og á vefsíðu verkefnisins: <https://www.bsg.ox.ac.uk/research/research-projects/covid-19-government-response-tracker>.


sem takmarka athafna og ferðafrelsi. Má draga þá ályktun að vísitala sóttvarnaaðgerða OxCGRT sé nothæf sem mælikvarði á aðhald sóttvarnaaðgerða.



Mynd 6: Tímalína sóttvarnaaðgerða og vísitala sóttvarna^{202 203}.
ST stendur fyrir samkomutakmarkanir en TS stendur fyrir tilslakanir.

Mótvægisáðgerðir: Til að hamla gegn efnahagslegum áhrifum Covid-faraldursins og hinna opinberu sóttvarnaaðgerða hafa stjórnvöld víða um heim svo og á Íslandi gripið til efnahagslegra mótvægisáðgerða. Á Íslandi eru þessar mótvægisáðgerðir af nokkuð mörgu tagi og til þeirra hefur verið gripið á ýmsum tíma.

Sem fyrr inniheldur OxCGRT vísitölu um mótvægisáðgerðir stjórnvalda í ýmsum löndum (e. economic support index). Vísitalan fyrir Ísland er sýnd á mynd 7 ásamt smitum og sóttvarnaaðgerðum.



Mynd 7: Fjöldi smita ásamt vísitölu sóttvarna og mótvægisáðgerða²⁰⁴.

Á mynd 7 má sjá fjölda daglegra smita ásamt vísitölu sóttvarnaaðgerða og mótvægisáðgerða. Sjá má að vísitala sóttvarnaaðgerða hækkar úr núlli strax undir lok janúar þegar óvissustigi er lýst yfir innanlands og Íslendingum ráðlagt frá því að fara í ferðalög til Kína. Hann hækkar svo á ný þegar fyrsta bylgjan er gengin í garð og sóttvarnir voru auknar til muna. Hann lækkar lítillega eftir það áður en hann hækkar aftur í þriðju bylgjunni. Vísitala mótvægisáðgerða rís hratt upp í mars þegar fyrsti aðgerðapakki stjórnvalda var tilkynntur og hefur haldist ofarlega síðan. Sjá má að vísitölurnar eru þess eðlis að breytileiki þeirra yfir tíma er lítil sem gerir alla tölfræðilega athugun á milli þessara stærða erfiða.

²⁰² Hale, T., Webster, S., Petherick, A., Phillips, T. og Beatriz K. (2020) Oxford COVID-19 Government Response Tracker, Blavatnik School of Government. Sótt af <https://www.bsg.ox.ac.uk/research/research-projects/covid-19-government-response-tracker>

²⁰³ Sjá yfirlit yfir sóttvarnaaðgerðir í viðauka 3


²⁰⁴ Heimild: covid.is og fleiri (2021).

Greining

Eins og fram hefur komið geta smit og sóttvarnareglur breyst daglega og haft áhrif fljótt. Því er erfitt að kanna áhrif þessara breyta á fjölda ferðamanna sem einungis er þekktur á mánaðargrundvelli. Sú greining sem fylgir hér á eftir er því ekki eins nákvæm og vilji var fyrir og ítrekar þörfina á nákvæmari gagnasöfnun. Til að nálgast dagleg gögn verður notast við daglegt hlutabréfaverð Icelandair Group. Hlutabréfaverð Icelandair endurspeglar væntingar um hagnað fyrirtækisins í framtíðinni. Sá hagnaður ræðst annars vegar af almennri þróun í ferðapjónustu á landinu og nágrannalöndunum og hins vegar séreiginleikum Icelandair (mun fyrirtækið standa eða falla). Ef fólk trúir því að ferðapjónustu muni vegna illa á komandi tímabili mun hlutabréfaverðið lækka en ef fólk trúir því að ferðapjónustu muni vegna vel og Icelandair lifa af mun hlutabréfaverð hækka. Þannig má líta á hlutabréfaverð Icelandair sem mælikvarða á horfur í íslensku ferðapjónustu. Að því marki sem hlutabréfaverð Icelandair er góður mælikvarði á þessar horfum ætti hann að hækka þegar gripið er til ráðstafana til að styrkja íslenska ferðapjónustu og lækka þegar ráðstafanirnar veikja hana.

Samband smita/sóttvarna og erlendra ferðamanna

Í kjölfar Covid var fjöldi erlendra ferðamanna tiltölulega lítill árið 2020, eða tæplega hálf milljón manna. Ljóst er að það voru margir þættir sem höfðu neikvæð áhrif á fjölda erlendra ferðamanna árið 2020. Meðal þeirra eru innlend smit, innlendar sóttvarnir ásamt smitum og sóttvörnum erlendis. Hér er lítið framhjá erlendum áhrifum og einungis innlendu áhrifin skoðuð. Óljóst er hvort innlend smit eða innlendar sóttvarnir vögu þyngra í að draga úr fjölda ferðamanna. Vegna skorts á nákvæmni í gögnum er ógerlegt að skoða þetta með einhverri nákvæmni en eftir sem áður er áhugavert að skoða sambandið á milli breytanna. Mynd 8 sýnir samband ferðamanna og fjölda daglegra smita annars vegar og samband ferðamanna og vísitölu sóttvarna OxCGRT hins vegar.



Mynd 8: Samband ferðamanna og fjölda daglegra smita, samband ferðamanna og vísitölu sóttvarna²⁰⁵.

Af fyrri myndinni í mynd 8 má ráða að lítið sem ekkert samband sé milli fjölda daglegra smita hér á landi og fjölda ferðamanna. Bæði má sjá lítinn fjölda smita og töluverðan fjölda ferðamanna (janúar og febrúar) og lítinn fjölda smita og nánast enga ferðamenn (maí, júní, des). Samband þessara þátta virðist því ekki vera sterkt. Þetta má sannreyna með að reikna fylgnistuðul breytanna sem mælir hve vel þær fylgjast að. Fylgnistuðull ferðamanna og daglegra smita er $-0,23$ sem bendir til lítillar og tölfræðilega ómarktækra fylgni. Það má túlka þannig að fjöldi ferðamanna og fjöldi smita séu ekki tengdar breytur þó sé það þannig að meiri fjöldi smita vísi fremur til minni fjölda ferðamanna en hitt.

Ef hins vegar er lítið til sambands erlendra ferðamanna og vísitölu sóttvarna, þ.e síðara línuritsins í mynd 8, má sjá meiri reglu, þar sem lág vísitala sóttvarna helst í hendur við mikinn fjölda ferðamanna og öfugt. Fylgnistuðull sambandsins reynist vera $-0,86$ sem telst sterk og tölfræðilega marktæk fylgni.


Þessi einfalda athugun bendir til þess að á árinu 2020 sé það frekar sóttvarnaaðgerðirnar en fjöldi daglegra smita sem hafi dregið úr fjölda erlendra ferðamanna til landsins. Vert er þó að minna aftur á að hér hefur ekki verið tekið tillit til aðstæðna í heimalöndum ferðamanna. Talsverð fylgni virðist hafa verið með sóttvarnaaðgerðum þar og á

²⁰⁵ Ferðamálastofa, covid.is og Hale og fleiri (2021).

Íslandi. Því er hugsanlegt að þótt þær hefðu litlar eða engar verið á Íslandi hefði orðið svipaður eða sami samdráttur í fjölda ferðamanna til landsins.

Efnahagsleg áhrif smita og sóttvarna: Hlutabréfaverð Icelandair

Eins og fram hefur komið hafa Covid og sóttvarnir neikvæð áhrif á efnahagslífið og mest bitnar það á ferðapjónustu. Nasdaq birtir upplýsingar um daglegt hlutabréfaverð Icelandair Group. Á mynd 9 má sjá hlutabréfaverð Icelandair á árinu 2020 ásamt daglegum smitum og vísitölu sóttvarna.



Mynd 9: Hlutabréfaverð Icelandair ásamt daglegum smitum og vísitölu sóttvarna²⁰⁶.

Til að varpa skýrara ljósi á þau sambönd sem lýst er í mynd 9 er beitt línulegri aðhvarfsgreiningu til að reyna að meta sambandið á milli hlutabréfaverðs Icelandair, smita, sóttvarna og mótvægisáðgerða. Ýmis líkön eru prófuð þar sem hlutabréfaverð Icelandair er ávallt háða breytan en ólíkar óháðar breytur eru í líkönunum. Nánari upplýsingar um aðhvarfsgreiningar má sjá í viðauka 5 en hér verður farið yfir helstu niðurstöður þeirra og þær ályktanir sem má draga. Helstu niðurstöður voru:


- (i) Neikvætt samband mældist á milli hlutabréfaverðs Icelandair og gengisvísitölu. Þegar gengisvísitalan hækkar veikist gengi íslensku krónunnar og það verður dýrara fyrir Íslendinga að versla erlendis en ódýrara fyrir útlendinga að versla á Íslandi. Áhrifin eru þó ekki sterk á hverjum tímapunkti en tölfræðilega marktæk.
- (ii) Fjöldi daglegra smita mælist í engum tilfellum hafa marktæk áhrif á hlutabréfaverð Icelandair. Má því ætla að fjöldi daglegra smita hefur ekki áhrif á væntingar markaðsaðila á framtíð innlendrar ferðapjónustu.
- (iii) Vísitala sóttvarna mælist sjaldan hafa marktæk áhrif á hlutabréfaverð Icelandair en þó neikvæð. Jafnframt er ljóst að hún hefur sterkari áhrif á hlutabréfaverðið en fjöldi daglegra smita. Í tilraun til að reyna að grípa þessi áhrif frekar er búin til gervibreyta sem tekur gildið 1 í hvert skipti sem breytingar verða á landamæraeftirliti vegna Covid, en er annars 0. Þessi breyta er sú breyta sem hefur hvað mest marktæk áhrif á hlutabréfaverð Icelandair.
- (iv) Vísitala mótvægisáðgerða hefur engin mælanleg áhrif á hlutabréfaverð. Þetta má útskýra að einhverju leyti með litlum breytileika í vísitölu mótvægisáðgerða en einnig er ólíklegt að mótvægisáðgerðirnar hafi mikil bein áhrif á hlutabréfaverðið, enda ættu mótvægisáðgerðir í sjálfu sér ekki að segja mikið um framtíð ferðapjónustunnar nema að því marki sem þær tryggja framtíð Icelandair.

